

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

OKTÓBER 2023



9. tbl. 26. árg.

OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIÐISTORGI

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

- bls. 4-5
Viðtal við
Einar Karl Haraldsson
formann
sóknarnefndar
Hallgrímskirkju

www.borgarblod.is

Starfsemi Tjarnarbíós verður styrkt

Um 22 þúsund manns sóttu viðburði í Tjarnarbíó á liðnu starfsári. Fjórir til sjö viðburðir hafa farið fram að staðaldri á viku. Um 60% af öllum frumsýningum á höfuðborgarsvæðinu fara fram í Tjarnarbíó. Um helmingur Grímuverðlaunanna síðastliðið vor féll til leikhópa sem eiga sér heimkynni í Tjarnarbíó.

Í nýjum samningi leggur ríki og borg fram viðbótarfjármagn til að styrkja reksturinn á yfirstandandi leikári um 14,5 milljónir króna til viðbótar núverandi samningi borgarinnar sem kveður á um 22 milljónir króna á ári og húsnæðisframlag sem metið er á 40 milljónir. Þá verður farið í þarfagreiningu á aðstöðumálum sviðslistanna og loks ráðist í rýni á rekstri Tjarnarbíós í þeim tilgangi að koma auga á leiðir til að tryggja sjálfbæran rekstur til framtíðar. Nánar er rætt um Tjarnarbíó við Skúla Helgason hér í blaðinu.



Tjarnarbíó við Suðurgötu.



Óðinsgata 1 - Reykjavík

Sími: 511 6367

Afgreiðslutími:

Mán: 10-16

Pri-fös: 10-18

Lau: 11-16

Netverslun:

systrasamlagid.is

Sjá nánar á

facebook.com/Systrasamlagid

- bls. 10-11
Saga kvenna-
baráttunnar

- bls. 16
Gleðidagur í
Dómkirkjunni


RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.



Melabúðin

VERSLUN SÆLKERANS

Nú er farið að hausta
Kjötborðið bíður þín!

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími: 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Borgarblöð ehf.

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Póstdreifing ehf.

9. tbl. 26. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósthólum 107, 102 og 101.

Fjallið á holtinu

Hallgrímskirkja gnæfir yfir Reykjavík. Sumir segja yfir landið allt. Hún er höfuðkirkja og sá staður sem þeim er landið sækja hugnast mest að augum líta. Kirkjan hefur stundum verið kölluð fjallið á holtinu.

Hallgrímskirkja er byggð í minningu séra Hallgríms Péturssonar. Prests og skálds sem lét eftir sig mikið af kristilegum skáldskap. Skáldskap sem fluttur er við margvíslegar kirkjulegar athafnir og önnur tækifæri. Passíssálmar séra Hallgríms bera þar hæst.

Þótt mikill stórhugur fylgdi byggingu Hallgrímskirkju. Allt frá teikningum Guðjóns Samúelssonar til byggingaframkvæmda var kirkjan byggð af miklum vanefnum. Flest skorti hér á landi á byggingartíma hennar sem tók áratugi. Þó má líkja því sem gert var við kraftaverk.

Kirkjan tók af okkur völdin segir Einar Karl Haraldsson formaður sóknarnefndar í viðtali hér í blaðinu. Þar segir hann meðal annars frá þeirri miklu viðhaldsvinnu sem fram hefur farið og enn er unnið að.

Hvaða afstöðu sem fólk hefur til kristni eða annarra lífsskoðana gnæfir Hallgrímskirkja yfir önnur mannvirkni hvort sem litið er til stíls eða stærðar. Hún vekur athygli á landinu hvert sem litið er.

Hallgrímskirkja sýnir að Íslendingar búa yfir mannvirkni á heimsvísu. Hún er fjallið á holtinu.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á
Facebook

Nýbygging á Heilsuverndarreit



Þannig sjá arkitektar Tendra arkitektur nýbyggingu við Egilsgötu fyrir sér.

Hugmyndir eru um að nýtt þriggja til fimm hæða hús með verslun og þjónustu á götuhæð og allt að 48 íbúðum á efri hæðum muni rísa á svoköllum Heilsuverndarreit við Egilsgötu 5. Um að ræða fyrsta reitinn af nokkrum bensinstöðvarlóðum í Reykjavík þar sem byggja á upp á nýjan hátt. Klasi ehf. sem sótt hefur um breytingu á deiliskipulagsbreytingu en Tendra arkitektur hannaði tillögurnar og gerði teikningar og skýringarmyndir.

Snorrabraut er skilgreind sem stofn- og tengibraut í aðalskipulagi og að gera eigi hana að samfelldri og blandaðri byggð. Á reitnum verður lögð áhersla á góð

birtuskilyrði í íbúðum og á dvalarsvæðum. Sú tillaga sem lögð hefur verið fram samræmist markmiðum Reykjavíkurborgar um fækkun eldsneytisstöðva innan þéttbýlis borgarinnar. Íbúðum miðsvæðis fjölga og tillagan styrkir götumynd Snorrabrautar. Hér er um áberandi horn að ræða og verður lagður metnaður í ásýnd og útfærslu. Reiturinn er í landhalla við Snorrabraut og Egilsgötu og gefur góða möguleika á bílageymslu í kjallara og undir garðinum. Hámarksfjöldi bílastæða á lóð er 38. Tvö hjólastæði eru að lágmarki á íbúð og þrjú hjólastæði fyrir hverja 100 fermetra verslunar- og þjónusturými.

Lífsgæðakjarnar

- meðal hugmynda um húsnæði fyrir eldra fólk

Staðan í húsnæðismálum eldra fólks var til umræðu á kynningarfundum sem fór fram í Ráðhúsi Reykjavíkur á dögunum. Þar voru kynntar nokkrar af þeim hugmyndum sem bárust frá uppbyggingaraðilum eftir kall Reykjavíkurborgar um samstarf sem auglýst var á liðnu vori. Þar á meðal hugmynd um svonefnda "lífsgæðakjarna".

Gert er ráð fyrir að á næstu 10 árum verði úthluta lóðum undir eitt þúsund íbúðir fyrir eldri borgara. Þörfin fyrir slíkt húsnæði er vaxandi en stórir árgangar færast á þriðja æviskeiðið á komandi árum. Á undanföllum árum hafa 465 hjúkrunarrými og íbúðir fyrir aldraða opnað í Reykjavík. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri fór á fundinum yfir þau verkefni sem lokið hefur verið á undanföllum árum og eru í gangi í dag. Hann sagði að með fundinum væri verið að opna samtal um eðli og inntak hugtaksins „lífsgæðakjarnar“. Skoða þurfi hvernig uppbygging yrði best skipulögð, hvaða áherslur eigi að leggja og hvað þurfi að forðast. Mikilvægt væri að hlusta á skoðanir eldri borgara og taka mið af reynslu annarra þjóða. Eldra fólk væri fyrst og fremst fólk með fjölbreyttar og ólíkar þarfir. Í dag búa um 89%



Með lífsgæðakjarna er átt við húsnæðisuppbyggingu fyrir aldraða sem er með fjölbreytt framboð af þjónustu í nærumhverfinu. Til að byrja með er gert ráð fyrir slíkum kjörnum í Úlfarsárdal, í Gufunesi og við Ártúnshöfða. Þegar hefur verið ákveðið að gera samninga við Samtök aldraðra og Leigufélag aldraðra. Á myndinni eru Gísli Bogason, Erna Stefánsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Magnús Björn Brynjólfsson, Jóhann Birgisson og Guðmundur Pálmi Kristinsson.

eldri borgara í eigin húsnæði og sá hópur skuldar að meðaltali lítið. Dagur benti á að mögulegt væri að mörg í þessum hópi búi í óhentugu húsnæði og séu að hugsa sér til hreyfings. Einnig ykist almennt

þörf fólks fyrir þjónustu með hækkandi aldri, sérstaklega eftir áttætt. Hann hvatti þróunaraðila á húsnæðismarkaði til að huga að öllum þessum þáttum.



Netverslun: systrasamlagid.is



2 fyrir 1 af sjónglerjum*


Pantaðu gleraugun á Granda eða í Glæsibæ og gríptu þau með í Eyesland á Keflavíkurflugvelli. Þín gleraugu á Duty Free verði!

*Tilboðið gildir ekki með öðrum tilboðum.

*Þú verslar gleraugu með hágæða margskiptum eða einfókus sjónglerjum og færð frí sjóngler með seinni umgjörðinni.

eyesland

Grandi · Glæsibær · Keflavíkurflugvöllur · eyesland.is



Fjallið á Skólavörðuholti

- Einar Karl Haraldsson formaður sóknarnefnda Hallgrímskirkju ræðir um kirkjuna og fleira

Hallgrímskirkja á Skólavörðuholti gnæfir yfir Reykjavík. Kirkjan er eitt helsta kennileiti borgarinnar en einnig miðstöð helgihalds og tónlistarflutnings. Kirkjan er eitt af því sem margir ferðamenn vilja sjá. Búnir að merkja hana inn á ferða- og skoðanaáætlun sína. Þegar staldrað var við í kirkjunni að morgni til á dögum var stöðugur straumar ferðafólks inn og út um kirkjudyrnar. Þótt morgun hins virka dags væri mátti sjá brúðarklætt par að taka sjálfmyndir af sér með kirkjuna í baksýn. Hvort þau hugðu á giftingu og voru að æfa sig er ósögð saga. Ef til vill hafa þau aðeins viljað geyma minningar í fallettri brúðkaupsmynd með því er þeim fannst stórfenglegum bakgrunni. Við kirkjudyrnar hitti tíðindamaður Íslending í hópi ferðafólksins. Sá er Einar Karl Haraldsson, formaður sóknarnefndar Hallgrímskirkju. Ætlunin var að spjalla við hann um kirkjuna og þennan reit á Skólavörðuholti sem svo mikla athygli og áhuga vekur.

Þegar inn er komið tóku ljúfir tónar Klaisorgelsins, höfuðorgels Hallgrímskirkju, á móti komumanni. Þar sat Steingrímur Þórhallsson, organisti Neskirkju og tónskáld, og lék á nótnaborðin. Hann var að undirbúa tónleika sem hann hélt í kirkjunni. Margir orgelleikarar innlendir sem erlendir horfa til þessa orgels þegar um tónleika eða tónlistarviðburði er að ræða, sem segir sína sögu um gæði þessa hljóðfæris. Við Einar Karl færðum okkur í hliðarherbergi til að láta tóna orgelsins ekki trufla okkur. Hann stingur upp á að hefja spjallið á því hvað Hallgrímskirkja sé. Hún sé svo margt.

Þetta er eitthvað sem við verðum að sjá

„Í fyrsta lagi má nefna að kirkjan er stórvirki Guðjóns Samúels-sonar arkitekts. Hún er kennileiti Reykjavíkur ef ekki landsins alls. Þeir sem horfa upp eftir Skólavörðustígnum í átt til kirkjunnar skynja mikilfengleika hennar og vísanir í náttúru landsins. Ef við lítum á lista yfir áhugasvið ferðafólks er Hallgrímskirkja ofarlega í hugum margra. Engin bygging á Norðurlöndunum kemst jafn ofarlega á lista yfir fegurstu byggingar. Hún er talin ein af tíu bestu útsýnisbyggingum í heiminum. Kirkjan skorar því hátt á ýmsum listum. Fréttir af atburðum sem verða á Íslandi í erlendum fjölmiðlum beina sjónum fólks einnig að Hallgrímskirkju. Þetta er landið þar sem þessi stórfenglega kirkja er. Þetta er eitthvað sem við verðum að sjá. En fyrir utan allt þetta þá hefur mikill metnaður alltaf einkennt helgi- og tónlistarhald kirkjunnar svo og vilji til þess að rækja skyldur við arf Hallgríms Péturssonar. Á næsta ári verða 350 ár liðin frá andláti hans og verður þess minnst með margvíslegum hætti.“

Ný áhöfn í kirkjunni

„Hér fer fram sígild lútersk messa á sunnudögum með altarisgöngu. Hér hafa starfað prestar sem prédika af krafti og einnig góðir organistar, söngvarar og kórar. Þegar athafnir eru í kirkjunni segjum við ferðafólki að það sé velkomið að vera en hlé verði gert á rápi og góni. „No sightseeing“. Oftast er því tekið vel. Í safnaðarstarfinu erum við á tímamótum. Erum búin að fá nýtt fólk í áhöfnina og aðra sem tekið hafa að sér ný hlutverk. Irma Sjöfn Óskarsdóttir er tekin við sem sóknarprestur en starfaði hér áður sem prestur. Eiríkur Jóhannesson er komin hingað til prestsstarfa en hann var áður starfandi við Háteigskirkju og þar áður sóknarprestur og prófastur í Hruna. Björn Steinar Sólbergsson, tónlistarstjóri

kirkjunnar og konsertorganisti, leggur mikla áherslu á að eiga samstarf við innlent og erlent tónlistarfólk og kóra. Steinar Logi Helgason, organisti og kórstjóri, er að byggja upp kór Hallgrímskirkju sem á tveimur árum er kominn í fremstu röð. Grétar Einarsson, sem verið hefur yfirkirkjuvörður, er tekinn til starfa sem kirkjuhaldari og sér um allan daglegan rekstur. Sólin, félag Sólbjargar Björnsdóttir, hefur svo tekið að sér að annast um kynningarmál kirkjunnar í heild. Við erum líka svo heppin að ungt fólk hefur bæst í hóp reyndra kirkjuvarða eins og Sveinbjörg Rósa Sumarliðadóttir. Gaman er að sjá hvað þetta unga fólk sinnir vandasömu starfi sínu fallega og tekur þátt í starfsemi kirkjunnar m.a. kóra og barnastarfi.“

Sóknarkirkja. Miðborgar- og Reykjavíkurkirkja

Einar Karl bendir á að ákveðinn hópur komi saman til messu og samveru í kirkjunni á miðvikudagsmorgnum. Í honum sé mestmegnis eldra fólk sem hafi stundað kirkjustarfið lengi. Einnig megi nefna fjölsóttu foreldramorgna og andakt og súpu sem er í hádeginu á fimmtudögum. Og tónleikahald á laugardögum fyrir utan aðra tónlistarstarfsemi. „Hallgrímskirkja er bæði sóknarkirkja og einnig Miðborgar- og Reykjavíkurkirkja. Erlendir gestir sækja gjarnan messur í Hallgrímskirkju. Talsvert er um að Færeyingar mæti í kirkjuna þegar þeir eru að koma hingað í allskonar erindum. Kirkjan vekur áhuga þeirra enda koma þeir frá landi þar sem mikið er um kirkjustarf. Einar Karl segir að prestarnir hefji hefðbundnar athafnir á stuttum innangi á ensku því oftar en hitt séu erlendir gestir fjölmennir í kirkjunni. „Þau bjóða alla velkomna og taka sérstaklega fram að allir séu velkomnir í altarisgönguina sem er hluti hefðbundinnar messugjörðar. Alls ekki sé sjálfgefið að erlendir aðilar, sem ekki þekkja til lútersks kirkjustarfs, viti að altarisganga er fyrir alla. Hún er það ekki í öllum kirkjudeildum eins og til að mynda hjá katólíkum.“

Séra Karl og Einar Karl

Einar Karl rifjar upp að Vilborg Dagbjartsdóttir rithöfundur og kennari hafi einhverju sinni sagt að Hallgrímskirkja væri orðin að fjallinu hennar. Hún var sjálf alin upp í faðmi fjalla á Seyðisfirði og gekk síðan í fjóra áratugi úr Þingholtunum yfir í Austurbæjarskóla þar sem hún starfaði. „Eins má segja að Hallgrímskirkja hafi orðið fjallið okkar Steinunnar Jóhannesdóttur konu minnar. Hvort sem það var tilviljun eða handleiðsla þá byggðum



Einar Karl Haraldsson.

við hús við Þórgötuna með séra Karli Sigurbjörnssyni og Kristínu Guðjónsdóttur. Við fjögur þekktumst ekki nema af afspurn fyrir þetta. Við rifum þar gamalt hús og byggðum parhús. Þetta var á árunum 1982 og 1983. Við höfðum bæði verið að leita okkur að íbúðum með einu herbergi í viðbót því fjölskyldurnar voru að stækka. Skólabróðir okkar frá mismunandi tímum og stöðum, Atli Vagnsson, lögmaður og fasteignasali, vissi af þessu húsi og byggingarrétti sem væri til sölu. Hann benti okkur á að byggja þarna. Páll Gunnlaugsson og Valdimar Harðarson arkitektar sem voru að koma heim frá námi erlendis höfðu ætlað að byggja en hættu við. Þeir voru tilbúnir að selja okkur „Körlunum“ sem tókum síðan við þessu verkefni með fjölskyldum okkar. Þetta var á versta tíma þegar litið er til þess ástands sem var í Þjóðfélaginu. Óðaverðbólga geisadi. Við höfðum þó grætt ef þannig má að orði komast á því að lán sem hvíldu á fyrri eignum okkar höfðu að miklu leyti þurrkast út í verðbólgunni. Við áttum íbúð sem við höfðum fest kaup á 1973 eftir Vestmannaeyjagosið. Þá var engin veðtrygging komin til og gátum lagt skuldlausar eða skuldlitlar eignir upp í nýjar framkvæmdir. Svo fórum við að byggja. Búið var að verðtryggja lán en laun voru áfram óvertryggð. Þarna myndaðist fljótt misræmi á milli tekna og gjalda sem erfitt var að brúa. Hafa varð allar klær úti til þess að bjarga sér en það gat líka verið skemmtilegt. Þetta eflði kynni okkar fjölskyldnanna og börnin í hverfinu töluðu um Séra Karl og Einar Karl. Þetta þótti líka merkilegt að ritstjóri Þjóðviljans og prestur í Þjóðkirkjunni, sonur Sigurbjörns biskups, væru að byggja hús saman. Margt skemmtilegt gerðist í kringum þessa byggingu. Séra Karl var eins og köttur klifrandi upp um allt en ég, sem er mjög lofthæddur, hélt mig að mestu á jörðinni. Við bættum þó hvorn annan upp. Karl bjó þarna með fjölskyldu sinni í 15 ár þangað til að hann varð biskup.“

Vorum ekki í Þjóðkirkjunni

„Svo fluttum við til Stokkhólms í annað sinn, en þar vorum við á námsárunum, og vorum nú þar í fimm ár meðan ég vann hjá Norðurlandaráði,“ heldur Einar Karl áfram. „Næst elsta dóttir okkar var fimm ára og Steinunni fannst að við yrðum að láta skíra hana áður en við færum. Séra Karl skírði barnið. Það

Vorum ekki í Þjóðkirkjunni

„Svo fluttum við til Stokkhólms í annað sinn, en þar vorum við á námsárunum, og vorum nú þar í fimm ár meðan ég vann hjá Norðurlandaráði,“ heldur Einar Karl áfram. „Næst elsta dóttir okkar var fimm ára og Steinunni fannst að við yrðum að láta skíra hana áður en við færum. Séra Karl skírði barnið. Það

Ferðapjónustan stendur að megin hluta undir endurbyggingu kirkjunnar. Án hennar stæðum við mjög illa. Þegar fyrstu viðgerðum lauk stóð kirkjan uppi með um 550 milljón króna skuld. Ríkið, Reykjavíkurborg og Þjóðkirkjan hjálpuðu okkur að greiða þessa skuld niður til 2018 en síðan hefur sóknin verið að gera það sjálf. Við eigum eftir að greiða um 130 milljónir af henni. Síðan höfum við verið að verja um 100 til 150 milljónum á ári í ýmsar viðgerðir og endurbætur, einkum múrviðgerðir

sama var upp á teningnum þegar við komum heim aftur með yngstu dóttur okkar sem fæddist í Svíþjóð. Karl mættur til þess að skíra á ný. Hann benti okkur þá á að við værum ekki í Þjóðkirkjunni. Þá rifjaðist það upp fyrir okkur að á háskólaárunum höfðum við haft fyrir því að ganga úr Þjóðkirkjunni. Á þeim árum varð fólk mjög stríðslegt. Þetta var á tímum Vietnam stríðsins og okkur þótti kirkjan sein að snúast gegn því. Þegar við komum heim frá Svíþjóð um 1990 gerðum við bragarbót á þessu og gengum aftur í Þjóðkirkjuna.“

Í stöðugum byggingaframkvæmdum

Okkur var mjög í mun þegar við komum á Þórgötuna að hafa áhrif á nærumhverfið. Það gildi um götuna sem varð að fyrstu vistgötunni, Austurbæjarskóla sem gekk í endurnýjun lífdaga, og kirkjuna sem varð vettvangur sem skipti sköpum fyrir okkur bæði hjónin. Einar segir fjöllin geta verið aðlaðandi þegar maður vilji klífa þau og njóta þeirra en svo breytast þau í miklar óhemjur við hamfarir, skriðuföll, eldgos og ýmislegt annað. Hann heldur áfram tala um „fjallið“ á Skólavörðuholtinu sem stundum taki öll völd. Hann á við öll þau viðhaldsverkefni sem hafi orðið ljós á skömmum tíma. „Hér höfum við staðið í stöðugum bygginga- og viðhaldsframkvæmdum. Þær hófust á að taka varð allan turninn í gegn því byrjað var að hrynja úr honum. Því varð ekki frestað. Við höfum svo verið að endurskipuleggja innviði

turnsins. Ný lyfta hefur verið sett upp sem eykur afköstin enda ekki vanþörf á til að minnka raðirnar. Fjöldi verkefna er þó eftir í turninum, þar eru þrjár hæðir ónotaðar vegna skorts á brunavörnum, þar þarf að koma upp lyftu fyrir hreyfihamlaða svo þeir komist upp á útsýnishæð og þar hefur okkur ekki enn tekist að fjármagna kaup á listaverki eftir Ólaf Elíasson sem ætlunin er að koma fyrir í klukknaportinu.“

Að endurbyggja elsta hlutann

„Þegar nauðsynlegum viðgerðum á turninum var lokið varð að fara í endurnýjun á þakinu og álmunum beggja vegna við kirkjuskípið og á suðurhlíðinni. Nú höfum við verið nánast að endurbyggja allan elsta hlutann af kirkjunni sem er kórinn og kúpullinn fyrir ofan hann og tengingin við sjálft kirkjuskípið. Þetta er gríðarlega mikil og kostnaðarsöm vinna vegna þess að steypan er svo léleg að hún heldur engu. Samhliða þessu höfum við tekið í gegn skrifstofur, gert kaffistofu fyrir starfsmenn og barist við myglu og leka.“

Ferðapjónustan fjármagnar endurbæturnar

Þá vaknar spurning um hvaðan fjármagn komi til þessara framkvæmda. Einar er skjóttur til svars. „Ferðafólkið fjármagnar þær að miklu leyti. Það er okkar haldreipi. Vissulega skapast ákveðið



Sóknarnefndarformaðurinn ásamt hluta af starfsfólki Hallgrímskirkju, frá v. Sólbjörg Björnsdóttir, Grétar Einarsson, Eiríkur Jóhannsson, Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Einar Karl, Björn Steinar Sólbergsson og Steinar Logi Helgason. Mynd: Þórður.

álag vegna ferðaþjónustunnar og ég er fullur aðdáunar yfir því hvernig starfsfólki okkar tekst að stýra þessari miklu umferð sem er um kirkjuna. Okkar ágætu iðnaðarmenn, sem eru í kirkjunni nánast alla daga, skapa einnig álag og þeim fylgir oft ónæði. En í Hallgrímskirkju er hvorki amast við ferðafólki né iðnaðarmönnum. Ferðaþjónustan stendur að meginhluta undir endurbyggingu kirkjunnar. Án hennar stæðum við mjög illa. Þegar fyrstu viðgerðum lauk stóð kirkjan uppi með um 550 milljón króna skuld. Ríkið, Reykjavíkurborg og Þjóðkirkjan hjálpuðu okkur að greiða þessa skuld niður til 2018 en

síðan hefur sóknin verið að gera það sjálf. Við eigum eftir að greiða um 130 milljónir af henni. Síðan höfum við verið að verja um 100 til 150 milljónum á ári í ýmsar viðgerðir og endurbætur, einkum múrviðgerðir.“ Einar Karl segir að mikið veðurálag sé á kirkjubyggingunni á holtinu en einnig ljóst að steypa og styrktarefni sem notuð hafi verið hafi alls ekki verið nægilega góð. „Byrjað var að byggja kirkjuna upp úr stríði en hún ekki endanlega tekin í notkun fyrr en 1986 og þá var margt gert til bráðabirgða á lokametrunum. Síðan eru að verða fjórir áratugir og elstu hlutar hennar að verða 80 ára. Því er margt eðlilega komið á viðhaldsstig.“

Kirkjan tók bara völdin

Eitt af því sem þurft hefur að endurnýja er ljósabúnaður kirkjunnar sem Einar Karl segir að hafi hrunið nær því á einu bretti. Sú sé ástæða þess að farið var í að endurnýja allan ljósabúnað bæði hið innra og ytra. „Sá ljósabúnaður sem Liska sá um er að fá verðlaun út um allan heim. Hann gefur líka möguleika á allskyns lýsingum. Kirkjan geti þannig birst í ýmsum litum hið ytra. En þetta er eins og ég sagði þegar ég talaði um fjallið. Að stundum kemur eldgos. Jafnvel óforvarandis. Nauðsynlegt viðhald á Hallgrímskirkju braust fram með þeim hætti að líkja má

við náttúruhamfarir. Þótt vitað væri að fara þyrfti að huga að ýmsu um viðhald óraði held ég engan fyrir hversu víðtækt það yrði og snerti nánast alla þætti kirkjubyggingarinnar. Kirkjan tók bara af okkur völdin.“

Metnaður fyrir öflugum kirkju- og tónlistarlífi

Einar Karl segir að þetta stóra hús sé þannig að ef þurfi að gera eitthvað hlaupi kostnaður á tugum milljóna. En þrátt fyrir allar búraunirnar sé til staðar mikill metnaður hjá sóknarnefnd til að halda uppi öflugum kirkjustarfi með úrvals kór og tónleikahaldi þar sem Klaisorgelið er í fyrirrúmi. „Og nú á pálmásunnudag, 24. mars næstkomandi, er von á kórorgelinu úr viðgerð og endurbyggingu hjá Frobenius orgelsmiðjunni í Kaupmannahöfn. Orgelið stækkar úr tíu röddum í tuttugu og verður með sérstakri barokkródd. Eitt af því sem ferðaþjónustan skapar eru möguleikar á að vera með orgelsumur. Hér hafa verið allt að 15 orgelkonsertar á sumri sem standa alveg undir sér því ferðafólk er uppistaðan í þeirri aðsókn. Oft eru um 200 manns eða fleiri á hverjum tónleikum. Svo erum við með Kvöldkirkju til skiptis við Dómkirkjuna nokkrum sinnum á vetri. Þar er spiluð raftónlist og fluttar hugleiðingar og fólk getur komið og verið í kirkjunni. Legið út af það vill og notið stemningarinnar og ljóspíls í rýminu og hvelvingunum. Þetta er sífellt að verða vinsælla bæði á meðal innlendra sem aðkominna. Fólk getur komið alls staðar að og kirkjudeild eða önnur afstaða til trúar og veruleika skiptir ekki máli.“

Þarf að vinna nýtt deiliskipulag

Umhverfi Hallgrímskirkju berst í tal. Einar Karl bendir á að þetta sé

með alvinsælstu stöðum í borginni. „Ég hef verið að ræða þetta meðal annars við Einar Þorsteinsson, formann borgarráðs og verðandi borgstjóra, að undanfögnu. Okkur vantar sterkari sýn um hvernig ganga eigi frá þessu umhverfi til frambúðar. Þegar gengið var frá lóðinni á sínum tíma var mynduð falleg sporaskja sem þau systkini Ögmundur og Ragnhildur Skarphéðinsbörn hönnuðu. Innan hennar er lóð Hallgrímskirkju. Kirkjan afhenti borginni landið utar sporöskju gegn frágangi lóðarinnar. En aldrei var gengið almennilega frá öllum hlutum. Ekki hefur verið samþykkt nýtt deiliskipulag fyrir Skólavörðuholtið eftir að sporaskjan var gerð. Ég held að full þörf sé á að gera það út af ýmsum ástæðum. Hallgrímstorg er enn skilgreint sem torg og engin eiga bílastæði eiga að vera þar nema líkbílanir mega koma að kirkjunni. Bílastæðasjóður er stundum að rukka fólk vegna þess að Hallgrímstorg er ekki skilgreint sem bílastæði á gildandi deiliskipulagi. Norðan kirkjunnar var hinsvegar afmarkaður reitur fyrir 30 bílastæði til afnota fyrir kirkjuna þegar um athafnir væri að ræða. En þessi reitur hefur aldrei verið notaður. Hann virkar eins og heilagur reitur og enginn þorir að fara inn á hann. Fleiri mál þarf að laga og ég hef nefnt það við nafna að gaman væri ef „haghafar“ við Skólavörðuholt kæmu saman að borðinu til þess að móta nýja framtíðarsýn.“ Komið er hádegi. Fræðsluerindi séra Jóns Ásgeirs Sigurvinssonar um flóttafólk á biblíulegum tímum er að hefjast í Norðursal Hallgrímskirkju nýuppgerðum og orgeltónar Steingríms eru þagnaðir. Ferðafólk streymir út og inn og við Einar Karl þökkum samveruna þennan þriðjudagsmorgun á einum þekktasta stað borgarinnar og landsins. Fallett haustdægri tók við fyrir utan.

Þínir menn í Vesturbænum

Ertu í hugleiðinugm um að **minnka** eða **stækka** við þig?

Erum með **kaupendur** og **seljendur óskráðra eigna** sem skoða skipti.

Hafðu samband og fáðu **frítt** skuldbindingalaust **verðmat**.

- Góð þjónusta
- Fagljósmyndun
- Sanngjörn sölubóknun

FASTEIGNASALAN

MIKLABORG

Sími 569 7000 | miklaborg.is

Ólafur

Finnbogason

lögg. fasteignasali

Sími: 822 2307

olafur@miklaborg.is

Gunnar

S. Jónsson

lögg. fasteignasali

Sími: 899 5856

gunnar@miklaborg.is

Borgarbókasafn opnar söguhorn

- með fjölmenningshátíð í Grófinni

Fjölmenningshátíð var haldin á Borgarbókasafninu Grófinni sunnudaginn 1. október sl. Flutt var lifandi tónlist, fjölskyldur föndruðu saman, lesnar voru sögur á mörgum tungumálum og dansað eins og enginn sé morgundagurinn í fjöru krakkadiskói. Tílfni hátíðarinnar var opnun Söguhornsins, nýs verkefnis á sjö söfnum Borgarbókasafnsins.

Lesið var á arabísku, ensku, íslensku, persnesku, pólsku, spænsku, úkraínsku, rússnesku og fólk var hvatt til að mæta óháð móðurmáli. Áhugasöm geta bókað Söguhornið á safni að eigin vali fyrir sína sögustund, sem getur verið á hvaða tungumáli sem er. Lesarar velja sögurnar og bjóða fjölskyldu, vinum og öðrum áhugasömum að koma á notalega stund á bókasafninu.



Börn á fjölmenningshátíð.

Lagt til að friða fjórar bensínstöðvar í Reykjavík

Borgarsögusafn Reykjavíkur hefur lagt til að friða húsnæði sem hýsa eða hafa hýst bensínstöðvar á fjórum stöðum í Reykjavík. Er það gert út frá menningarsögulegu eða byggingarlistarlegu gildi húsnæðis. Stöðvarnar eru á reitum þar sem áætlanir hafa verið um uppbyggingu húsnæðis.

Bensínstöðvarnar sem um ræðir standa á Egissíðu 102, Laugavegi 180, við Skógarhlíð 16 og á Háaleitisbraut 12. eru þessar stöðvar allar settar í rauðan flokk í skýrslunni. Þessar staðsetningar eru á reitum þar sem búið var að semja við Oliufélagin um uppbyggingu atvinnu og íbúðarhúsnæðis líkt og fram kemur í tilkynningu á vef Reykjavíkurborgar frá því í febrúar í fyrra. Málið fer nú til Minjastofnunar, skipulagsfulltrúa og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.



Bensínstöðin við Egissíðu 102 er á meðal þeirra sem Borgarsögusafn vill friða.

Borgarbúar of háðir einkabílnum

- segja Brent Toderian, fyrrverandi skipulagsstjóri Vancouver, og Maria Vassilakou, fyrrverandi varaborgarstjóri í Vínarborg, sem eru bæði þekktar stærðir í meðal fræðimanna í borgarskipulagi.

Brent Toderian fyrrum skipulagsstjóri Vancouver og Maria Vassilakou fyrrum varaborgarstjóri í Vínarborg tóku þátt í málþingi sem nýlega var efnt til vegum Betri samgangna. Málþingið fjallaði um samgöngur, sjálfbært skipulag og reynslu annarra borgarsvæða. Þetta er í annað sinn sem þau koma hingað til lands og kynna sér Reykjavík og skipulag borgarinnar. Þau eru bæði sérfræðingar og þekkt fyrir störf sín að skipulagningu borga.

María sagði að Reykvikingar séu háðir einkabílnum því borgin sé hönnuð fyrir hann sem megin samgöngutæki. Hún segir að þegar borgir eru skipulagðar út frá bílum komi niður á opinberu rými. Litlu rými er úthlutað þar sem fólk getur hist og notið útveru. Breytingar sem þurfi að gera í Reykjavík snúast um að skapa almennarými. Þau telja bæði að gera þurfi borgina aðgengilegri fyrir þá sem kjósa að ganga, hjóla og nota almenningsamgöngur. Þá þurfi að gera almenningsamgöngur meira aðlaðandi. Brent taldi borgarlínuna góða hugmynd og í henni felist tækifæri. Stjórnendur margra borga séu að átta sig á því hve öflugir strætisvagnar eru og hvernig þeir stuðla að breytingum. Hann sagði að strætisvagnar njóti ekki nægrar virðingar og teljast vart nógu spennandi. En þeir séu öflugir til fólksflutninga, einkum ef kerfið er skilvirkt



Brent Toderian og Maria Vassilakou.

og þeir fá nægilegt rými svo þá megi starfrækja með sem bestum hætti. Þau segja að þótt bílarnir séu veikleiki Reykjavíkur eins og reyndin er í mörgum borgum sé verkefnið ekki sett til höfuðs bílum. Hins vegar sé öllum fyrir bestu, bílstjórum sem öðrum að göngur, hjólreiðar og almenningsamgöngur séu aðlagandi valkostur. Með því komist fleiri leiða sinnar.

Hleðslutæki

Ekki láta rafgeyminn skemmast í vetur

Mikið úrval hleðslutækja og vaktara fyrir allar gerðir rafgeyma



Hleður og vaktar rafgeyminn þinn

SKORRI

TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 577-1515 • NÝTT vefverslun: www.skorri.is



Opnunartímar:
Mán-Fös:
10:00-18:00
Laugardaga
10:00-16:00
Sunnudaga:
Lokað



Sjálfstætt starfandi apótek sem býður persónulega þjónustu og hagstæð verð á lyfjum og öðrum heilsutengdum vörum.

Elli- og örorkulífeyrisþegar njóta sérkjara hjá Íslands Apóteki



ÍSLANDS

Laugavegi 53b



APÓTEK

S: 414 4646

Notalegar stundir í einstöku umhverfi



Nýir og ljúffengir réttir fyrir veturinn

Ráðagerði er huggulegur veitingastaður í næsta nágrenni við Gróttu á Seltjarnarnesi. Nú eru nýir og spennandi réttir komnir á fjölbreyttan matseðil þar sem allir finna rétt við hæfi á sanngjörnu verði. Einnig er hægt að taka pizzur og flesta aðra rétti með sér heim með 10% afslætti. Þú pantar í síma **546 1700**.

RÁÐAGERÐI

PNR.
170

EST.
2022

SELTJARNARNES

Viljum tryggja framtíð Tjarnarbíós

- segir Skúli Helgason formaður menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs

Húsið Tjarnarbíó við Tjarnargötu er rúmlega aldar gamalt. Reist árið 1913. Var í upphafi íshús og notað til þess að geyma ís af Tjörninni sem nýttur var vegna geymslu á fiski. Frá því á árum síðari heimsstyrjaldarinnar hefur það öðru fremur verið kvikmyndahús og í seinni tíð leikhús. Árið 1942 hóf Háskóli Íslands bíórekstur í húsinu og voru þá gerðar á því umfangsmiklar breytingar. Nefndist bíóið Tjarnarbíó og tók tæplega fjögur hundruð manns í sæti. Frá árinu 1995 hefur Bandalag sjálfstæðu leikhúsanna rekið húsið. Fyrir nokkrum árum voru gerðar miklar breytingar á leiksviði, áhorfendasal og starfsaðstöðu allri ásamt því að viðbygging með kaffihúsi var reist við norðurhlíðina. Í þeirri mynd var Tjarnarbíó opnað árið 2010 og rættist þá gamall draumur margra um sérstakt leikhús fyrir sjálfstæða leikhópa í Reykjavík. En getur Tjarnarbíó þjónað þeirri starfsemi með góðu móti sem það þarf og þyrfti að hýsa ef horft er til framtíðar?

Skúli Helgason formaður menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkurborgar segir að Tjarnarbíó hafi um árabíl verið heimili sjálfstæðra sviðslista í borginni og haldi úti fjölbreyttri starfsemi í háum gæðaflokki allan ársins hring. Hann segir aðstöðuna í Tjarnarbíó vettvang fyrir nýsköpun á sviði leiklistar, danslistar, uppistands og tónlistar. Hann segir mikinn metnað vera í starfinu í Tjarnarbíó en aðstöðuleysi í þessu gamla húsi setji starfsemi þessu vissulega þröngur skorður. Ljóst sé að finna þurfi nýjar leiðir til að bæta úr aðstöðumálum og treysta reksturinn til að skjóta styrkari stoðum undir starfsemi. Skúli segir að aðstaða til sviðslista hafi verið þung á höfuðborgarsvæðinu undanfarnin ár og sífellt í færri hús að vanda fyrir ungt sviðslistafólk. Dæmi um það sé að Loftkastalinn, Gaflaraleikhúsið og Iðnó sem leikhús hafa horfið af sjónarsviðinu. Við svo búið megi ekki standa.

Um 60% af frumsýningum í Tjarnarbíó

Skúli segir að eitt það fyrsta sem komið hafi á sitt borð þegar hann tók við formennsku í menningar-, íþrótt- og tómstundaráði hafi verið að hitta forsvarsmenn Tjarnarbíós og ræða um aðstæður þeirra. Í Tjarnarbíó sé lítið svið og 180 manna salur sem setji starfinu þröngur skorður. Sérlega vanti æfingaaðstöðu, geymslurými og viðbótarsvið sem myndi gjörbreyta starfsskilyrðum til hins betra. "En þrátt fyrir takmarkaða aðstöðu er einstök starfsemi í Tjarnarbíó sem hýsir fjölbreytta flóru sjálfstæðra sviðslista. Tjarnarbíó er einskonar regnhlíf fyrir mjög marga aðila sem stendur fyrir að um 60% af öllum frumsýningum á höfuðborgarsvæðinu. Um helmingur Grímuverðlaunanna síðastliðið vor féll til leikhópa sem eiga sér heimkynni í Tjarnarbíó. Þarna er því um mjög lifandi og spennandi vettvang að ræða fyrir frumleika, spennandi frumsköpun og fjölbreytt grasrótarstarf. Starf sem nærir íslenska menningu hvort sem er á sviði leiklistar, danslistar, uppistands eða tónlistar. Þá skipti einnig miklu máli fyrir stóru leikhúsin að hafa þessa grasrót."

Aðsóknarmet í fyrri

Leikárið 2022 til 2023 var söluhæsti vetur leikhússins frá upphafi. Aldrei hafa fleiri áhorfendur lagt leið sína þangað eða ríflega 22 þúsund manns. Fjórir til sjö viðburðir voru í bíóinu í hverri viku. Að sýningum sviðslistahópanna komu ríflega 300 manns, fagmenntað sviðslistafólk sem til skemmi eða lengri tíma hefur iðkaði list sína í húsinu. Auk þess að veita sjálfstæðum sviðslistahópum aðstöðu hefur Tjarnarbíó hýst viðburði hátíða á borð við Listahátíð í Reykjavík, Reykjavík Dance Festival og Óperudaga. „Í mínum huga er Tjarnarbíó staður þar sem framtíðarkynslóðir í íslenskum sviðslistum stíga sín fyrstu skref á opinberu sviði og því bráðnauðsynlegur staður í íslensku menningarflórinni," segir Skúli.



Úr verkinu sund sem er glænýtt og skemmilegt leikverk sem fjallar um sundmenningu Íslendinga. Sett var upp sundlaug á leiksviðinu.

Skoða þarf aðstöðumálin almennt

Skúli segir að stjórnendur Tjarnarbíós hafi stungið upp á að byggja yfir portið. Þar mætti koma upp viðbótarsviði með áhorfendaaðstöðu fyrir um 100 gesti. "Nú sárvantar æfingasvið og aðstöðu fyrir alþjóðleg samstarfsverkefni í Tjarnarbíó. Tjarnarbíó er eina leikhúsið á höfuðborgarsvæðinu þar sem sjálfstæðir sviðslistahópar geta sýnt verk sín, fyrir utan þá handfylli hópa sem fá inn í stofnanaleikhúsunum. Og skoða þarf fleira í aðstöðumálum en bara Tjarnarbíó. Má þar nefna Iðnó, Hafnarhúsið og nýtt húsnæði Listaháskólans í Tryggvagötu. Hann segir að bæta þurfi tónleikaaðstöðu í borginni og gaman væri að sjá fleiri staði opna sem bjóði slíka aðstöðu. "Nauðsynlegt er að efla grasrótina enn frekar með því að hækka almenna styrki sem sé frábær nýting á fjármunum til menningarmála."

Rekstrarfé, þarfagreining og ríni á rekstri

Skúli segir að eftir að hafa átt viðræður við stjórnendur Tjarnarbíós hafi verið ákveðið að leita eftir samstarfi við ríkið. Lilja

Í mínum huga er Tjarnarbíó staður þar sem framtíðarkynslóðir í íslenskum sviðslistum stíga sín fyrstu skref á opinberu sviði og því bráðnauðsynlegur staður í íslensku menningarflórinni.

Dögg Alfreðsdóttir menningar- og viðskiptaráðherra hafi tekið vel í hugmyndina um samstarf Reykjavíkurborgar og ráðuneytisins um eflingun starfseminnar. Náðst hefur samkomulag um að ríki og borg leggi fram viðbótarfjármagn til að styrkja reksturinn á yfirstandandi leikári samkvæmt nýjum samningi. „Í fyrsta lagi leggur ríki og borg fram viðbótarfjármagn til að styrkja reksturinn á yfirstandandi leikári um 14,5 milljónir króna til viðbótar núverandi samningi borgarinnar sem kveður á um 22 milljónir



Skúli Helgason formaður menningar- íþrótt- og tómstundaráðs.

króna á ári og húsnæðisframlag sem metið er á 40 milljónir. Þá verður farið í þarfagreiningu á aðstöðumálum sviðslistanna og loks ráðist í rýni á rekstri Tjarnarbíós með aðkomu sérfræðinga ríkis og borgar í þeim tilgangi að koma auga á leiðir til að tryggja sjálfbærnan rekstur til framtíðar."

Kortleggja þarf aðstöðu

Skúli segir þarfagreiningin fela í sér kortlagningu og úttekt á aðstöðu atvinnufólks í sviðslistum á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og greiningu á þörfum sjálfstæðra sviðslistahópa sem starfa á höfuðborgarsvæðinu hins vegar. „Nauðsynlegt er að líta þess að sviðslistir fela í sér ólík listform með sérhæfðar þarfir. Einnig þarf að rýna æfinga- og sýningarrými baksviðs. Þar er er um að ræða aðstöðu fyrir búninga, förðun, leikmynda- og munageymsla, áhorfendarymi, áhorfendasali, framhús og önnur nauðsynleg aðstaða. Einnig tækjabúnaður og framleiðsluaðstaða. Þá má nefna skrifstofuaðstöðu fyrir starfsfólk viðburðahúsa, fyrir félagsamtök sem sinna sjálfstæðum sviðslistum, framleiðendur og sviðslistahópa og rými til námskeiðahalds fyrir börn og fullorðna."

Samanstendur af mörgum hópum

Sjálfstæða sviðslistasenan samanstendur af leikhópum, danshópum, óperuhópum, sirkuslistahópum, uppistöndurum, dansleikhópum, improv-hópum, kabarethópum, drag-hópum, sviðslistahátíðum og fleiru. „Sjálfstæðir sviðslistahópar standa fyrir um 60 prósentum frumsýninga hvers leikárs og gera það við mjög þröngan kost, því þeir fá innan við 10% af opinberu fjármagni sem veitt er í sviðslistir. Sjálfstæðar sviðslistir eru blómleg og ört vaxandi sena, sem telur allt frá frá hefðbundnari leik- og dansverkum til óperu, uppistands, kabarets, tónleikahúss, sirkus o.fl. Nær allar sýningar sjálfstæðra sviðslistahópa eru frumsköpun og standa sjálfstæðir sviðslistahópar fyrir meirihluta nýskrifa í íslenskum sviðslistum. Þetta er geiri í örur vexti með aukinni sérhæfingu, fagmennsku og fjölbreytni. Kvíkur og blómlegur geiri sem ber hróður Íslands víða með starfi sínu þvert á landamæri. Við viljum taka höndum saman um að tryggja framtíð Tjarnarbíós einnig til að skapa enn betri skilyrði fyrir grósku í íslenskum sviðslistum, segir Skúli Helgason formaður menningar-, íþrótt og tómstundaráðs að lokum.

SÖLUFÉLAG garðyrkjumanna

Íslenskt grænmeti

Þú veist hvaðan það kemur

islenskt.is

BÚUM VEL

SÉRHÆFÐ LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA VEGNA BÚSETUSKIPTA MEÐ ÁHERSLU Á 60+

Vantar þig þjónustu við dánarbússkipti, sölu og ráðstöfun eigna?

Elin Sigrún Jónsdóttir, lögmaður | Tryggvagötu 11, 2. hæð
Sími 783 8600 | elin@buumvel.is | www.buumvel.is

Nesdekk býður þig velkomin á nýjan stað!

Nesdekk hefur opnað nýtt hjólbarðaverkstæði á Fiskislóð 41, aðeins 200 metra frá gamla staðnum.

Á stærsta og glæsilegasta dekkjaverkstæði miðbæjarins færðu dekkjaskipti og ráðleggingar fagmanna við val á réttum dekkjum.

Við hlökkum til að sjá þig og bílinn þinn á Fiskislóð 41.



Bókaðu tíma á netinu



Bókaðu tíma fyrir bílinn þinn og skoðu dekkjaúrvalið á nesdekk.is

Baráttan var löng og ströng

- saga kvennabaráttunnar nær yfir meira en heila öld og enn þarf að taka á

Vont er að láta leiða sig,

leiða sig og neyða.

Verra að láta veiða sig,

veiða og meiða.

Vont er að vera háð, verst að lifa

af náð.

Gott að vera fleyg og fær

friðs í hverju spori.

Sinnið verður sumarblær,

sálin full af vori.

Þannig orti Ólöf Sigurðardóttir frá Hlöðum um aldamótin 1900. Ólöf var íslensk ljósmóðir og skáld. Hún lærði ljósmóðurfræði hjá Jónassen lækni í Reykjavík og fór síðan til framhaldsnáms í Kaupmannahöfn. Eftir heimkomuna var hún um fimm ára skeið ljósmóðir í Reykjavík. Hún giftist Halldóri Guðmundssyni trésmið og fluttu þau norður að Hlöðum í Hörgárdal og við þann bæ er Ólöf jafnan kennd. Þar bjó hún yfir þrjátíu ár. Ljód Ólafar eru brennd marki erfiðs uppvaxtar og þeirra viðja sem ónógt frelsi bindur. Hún kynntist Þorsteini Erlingssyni skáldi í Reykjavík sem augljóslega hefur haft áhrif á hana. Á Hlöðum átti hún gott samneyti við Ólaf Davíðsson þjóðsagnasafnara frá Hofi í Hörgárdal sem druknaði í Hörgá í heimför frá Ólöfu. Í ljóðum Ólafar kemur fram sterk tilhneiging til að búa við frelsi og vera öðrum óháð auk undirtóna um ástarsöknuð. Ólöf orti undir áhrifum frá raunsæissteffunni og bera ljóð hennar skýran vott sjálfstæðrar hugsunar konu sem engan lét kúga sig til hlýðni. Nokkuð óvenjulegt á þeim tíma.

Ólöf Sigurðardóttir var með fyrstu kvenréttindakonum hér á landi. Hún hafði sótt sér menntun og nýtti sér meðfædda rithæfileika til þess að koma hugsunum sínum á framfæri. Á sama tíma og Ólöf sat við eldhúsgluggann á Hlöðum og fékkst við ritstörf fór að draga til tíðinda í Reykjavík. Bríet Bjarnhéðinsdóttir frumkvöðull í íslensku kvennabaráttu flutti fyrst íslensku kvenna opinberan fyrirlestur árið 1887. Þar fjallaði hún um hagi og réttindi kvenna. Í þessum fyrirlestri sagði hún meðal annars. „En konurnar eru frá fæðingunni ákvarðar til sinna vissu starfa, sem kölluð hafa verið



Talið er yfir 25 þúsund konur hafi komið saman á kvennadeginum 24. október 1975.

kvennaverk, hvort sem þeim mundu láta þau vel eða illa. Drengirnir hafa átt að verða menn, sem gætu orðið færir um að ryðja sér braut til gæfu og gengis. En stúlkurnar verða konur, sem hefðu sinn takmarkaða verkahring í búi og eldhúsi.“ Hún sagði stórfur skilmerkilega skipt milli kvenna og karla. Flestar útivistarkonur væru vinnukonur, en aðrar stunduðu illa launaða erfiðsvinnu. Um aldamótin 1900 voru ljósmæður einu konurnar í opinberum störfum. Síðar komu hjúkrunarfræðingar í hópinn og þar næst kennarar. Í byrjun 20. aldar áttu giftar konur ekki að stunda launavinnu nema brýna nauðsyn

bæri til. Tekjur eiginmannsins áttu að duga. Þessi viðhorf hindruðu ekki einungis giftar konur. Þau höfðu alvarleg áhrif á möguleika ógifta kvenna. Litið var á launaða atvinnu fyrir konur sem tímabundið ástand því takmarkið væri hjónabandið. Viðtökur við fyrirlesturinn voru góðar og Matthías Jochumsson hrósaði honum í langri grein í Fjallkonunni skömmu síðar.

Kosningaréttur og náms og starfaréttur

Upp úr aldamótunum 1900 fóru konur að færa hefðbundin kvenna-störf út af heimilunum einkum með því að bindast samtökum um mannúdar- og góðgerðastörf. Á hinn bóginn beittu þær sér fyrir réttindum kvenna út á við. Einkum baráttu fyrir kosningarrétti en einnig rétti til náms og starfa. Þetta voru meginatriðin í tilraunum kvenna til að styrkja stöðu sína utan heimilis og gegn hefðbundnum hugsunarhætti og viðhorfum til stöðu kvenna. Árangurinn lét þó á sér standa.

Ein stúlka - 151 strákur

Á fyrri hluta 20. aldar voru tækifæri flestum konum til náms aðeins fjarlægur draumur. Konur fengu rétt til að ganga undir próf í Lærða skólanum, Prestaskólanum og Læknaskólanum árið 1886. Þær máttu ekki sitja í skólanum og fengu hvorki rétt til námsstyrkja né embættu. Skólasókn þeirra varð því ekki mikil. Frá 1901 til 1910 lauk aðeins ein stúlka stúdentsprófi frá Lærða skólanum en 151 strákur. Á sama tímabili útskrifaðist 31 stúlka með kennarapróf frá Flensborgarskóla en 57 piltar. Segja má að helsta tækifæri kvenna til mennta hafi

verið að ná sér í kennarapróf sem tryggði þeim starfsréttindi.

Erfið barátta fyrir kosningarétti

Baráttan fyrir kosningarétti var erfið. Hið íslenska kvenfélag, sem var fyrsta kosningarréttarhreyfing íslenskra kvenna var stofnað 1894. Ári síðar sendi félagið Alþingi áskorun um jafnrétti í öllum málum með undirskriftum fjölmargra kvenna. Konur fengu kosningarrétt til sveitarstjórna mun fyrir en rétt til að kjósa til Alþingis. Ekkjur og aðrar ógiftar konur, sem stóðu fyrir búi eða áttu með sig sjálfar fengu kosningarrétt til sveitarstjórna árið 1882 en kjörgengar urðu þær ekki fyrir en 20 árum síðar. Giftar konur fengu þennan rétt aldarfjórðungi síðar.

Kvenréttindafélag og verkakvennafélagið

Kvenréttindafélag Íslands stofnað árið 1907. Markmið þess var að konur fengu full stjórnarréttindi á við karlmenn, kosningarrétt, kjörgengi svo og rétt til embættu og atvinnu með sömu skilyrðum og karlmenn. Bríet Bjarnhéðinsdóttir var fyrsti formaður þess. Verka-kvennafélagið Framsókn var stofnað í Reykjavík árið 1914 og beitti Kvenréttindafélag Íslands sér fyrir stofnun þess.

Konur ekki undirbúnar fyrir skyldur

Samkvæmt stjórnarskrárfurvarpi, sem samþykkt var á Alþingi 1913 áttu konur og hjú 40 ára og eldri að fá kosningarrétt við staðfestingu stjórnarskrárinnar. Aldurstakmarkið átti síðan að lækka



Ólöf Sigurðardóttir frá Hlöðum ljósmóðir og skáld.



Bríet Bjarnhéðinsdóttir frumkvöðull í kvennabaráttu á Íslandi.



Ingibjörg H. Bjarnason tók fyrst kvenna sæti á Alþingi.



Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir verkakona kvenréttindafrömuður og síðar Alþingismaður.



Ragnhildur Helga var alþingismaður og ráðherra og fyrsti kvenn forseti Alþingis.

við hreinsum fyrir þig

Alhliða fatahreinsum og þvottahús síðan 1966

HRADI fatahreinsum
Ægisíðu 115 - Sími 552 4900
hradi@fatahreinsum.is
www.fatahreinsum.is

HRADI



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hélt áfram að ryðja brautina. Var Borgarstjóri í Reykjavík og síðar alþingismaður og utanríkisráðherra.

Ingibjörg Sólrún ruddi brautina

Frá miðjum áttunda áratug liðinnar aldar hafa konur staðið nokkuð jafnfætis við karla er kemur að lagaumgjörð og regluverki. Baráttunni var þó ekki lokið með Kvænnafrídeginum. Fáar konur voru í stjórnunarstöðum í atvinnulífi, í sveitarstjórnnum eða áttu sæti á Alþingi. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir varð borgarstjóri í Reykjavík 1994 og síðar Alþingismaður og utanríkisráðherra. Hún ruddi brautina áfram ásamt fleirum. Baráttan hélt það sem eftir leið 20. aldar og fram á þá 21. Eflaust má deila um hvort raunverulegu jafnrétti sé enn að fullu náð þrátt fyrir baráttu í meira en heila öld. En mikið hefur áunnist.

um eitt ár árlega næstu 15 árin. Helstu rök þingmanna fyrir 40 ára ákvæðinu voru að mikið skorti á að konur væru búnaðar undir skyldur þær sem réttindunum fylgdu og því varhugavert að kasta þeim öllum allt í einu út á landsmálavígðollinn. Frumvarpið um kosningarrétt kvenna og kjörgengi varð að lögum þann 19. júní 1915. Ingibjörg H. Bjarnason var fyrsta konan sem tók sæti á Alþingi. Hún flutti merkt frumvarp um skipun opinberra nefnda árið 1927. Í því fólst áskorun til ríkisstjórnarinnar um að konur fengju sæti í nefndum sem skipaðar væru á vegum þingsins og vörðuðu almenning. Hún sagði að konur hefðu beðið eftir því að vera kallaðar til samvinnu um fleira en það eitt að kjósa í þau 12 ár sem þær hefðu haft kosningarrétt, en án árangurs. Þessi tillaga hennar náði ekki fram að ganga á þingi. Ragnhildur Helgadóttir var kosin forseti Alþingis fyrst íslenskra kvenna árið 1961. Hún var menntamálaráðherra 1983 til 1985 og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 1985 til 1987.

Konan átti að vera gift

Þrátt fyrir þann árangur sem náðist með möguleikum kvenna til menntunar og kosningaréttis var langt í land að þær stæðu jafnfætis körlum. Árum saman eldi eftir af hinum gamla hugsunarhætti Konan átti að vera gift og sinna húsmóðurstörfum og heimilishaldi. Á sjöunda áratug liðinnar aldar fór að hylla undir breytingar. Fleiri konur luku menntun og fóru út á vinnumarkað. Bæði giftar og ógiftar. Stóra sprengingu varð ekki fyrr en á áttunda áratugnum þegar konur fóru almennt að starfa utan heimilis. Kvænnaheyringur sem áttu norrænan uppruna bárust hingað til lands og Rauðsokkahreyfingur varð öflug.

Hámarkið 1974

Kvænnaþátturinn náði hámarki föstudagurinn 24. október árið 1975. Dagurinn var haldinn hátíðlegur með ræðum og söng á Lækjartorgi í Reykjavík og víðar á Íslandi. Einnig voru haldnar ráðstefnur þar sem stöður og kjör kvenna voru rædd og tillögur samþykktar. Um 90% kvenna hér á lögðu niður störf til að sýna fram á mikilvægi kvenna á vinnumarkaði og til að krefjast sömu réttinda og launakjara og karlar höfðu. Talið er yfir 25 þúsund konur hafi komið saman og íslensk kvenréttindasamtök vöktu athygli innanlands og í erlendum fjölmiðlum. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, verkakona kvenréttindafrömuður og síðar Alþingismaður flutti ræðu á Lækjartorgi í tilefni kvænnafrídagins og sagði meðal annars. „Konan er að vakna. Hún veit að karlmenn hafa ráðið í heiminum frá því sögur hófust. Og hvernig hefur sá heimur verið? Hann hefur löðrað í blóði og logað af kvöl. Ég trúi að þessi heimur breytist þegar konur fara að stjórna til jafns við karla. Ég vil og ég trúi því að þið viljið það allar að heimurinn afvopnist. Allt annað eru stjórnsmálaklækir og hræsni. Við viljum leysa ágreiningsmálin án vopna.“ Svo mörg voru þau orð.

Bæta þarf í rekstur grunnskóla vegna erlendra barna

Frá byrjun árs 2022 til ágústmánaðar sl. fækkaði um 398 íslensk börn á grunnskólaaldri í borginni en á sama tíma fjölgaði í hópi erlendra barna um 563 nemendur. Bent hefur verið á að á meðan ríkið fjármagnar ekki stuðning við þessi börn glími skóla- og frístundasvið borgarinnar við mikil viðbótarútgjöld.

Upplýsingar um stöðuna koma fram í rekstraruppgjöri sviðsins fyrir fyrri helming ársins, sem lagt var fram í skóla- og frístundaráði Reykjavíkurborgar sl. mánudag. Þar er bent á að 563 erlendir nemendur séu eins og einn stór grunnskóli með öllum sínum kennurum og stjórnendum. Koma þessara barna inn í íslenskt skólakerfi er staðreynd, vegur gríðarlega þungt í rekstri skóla- og frístundasviðs og ekki verður séð hvernig haldið verður áfram nema til komi viðbótarfjármagn inn í rekstur grunnskóla til að mæta aukinni kennsluþörf og stuðningi við þessa nemendur,“ segir í uppgjörinu.



Melaskóli.



Hafnartorg



501 Straight frá kr. 14.990
Logo bolir frá kr. 3.990
Nærbuxur 3stk kr. 4.990

Gallaskyrturn frá kr. 12.990
Gallajakkar frá kr. 19.990
Sokkar 2stk frá kr. 1.590

Markaðsdagur á Eiðistorgi 4. nóvember



Frá markaðsdegi á Eiðistorgi. Iris Gústafsdóttir er til hægri á myndinni.

Næsti markaður verður á Eiðistorgi á Eiðistorgi fyrsta laugardag í nóvember eða þann 4. Iris Gústafsdóttir frumkvöðull að markaðsstarfinu segir að síðasti markaðsdagur hafi gengið mjög vel. Þetta framtak hafi vakið verulega athygli og fjöldi fólks hafi komið á torgið.

Iris kveðst vonast til að aftur verði hægt að blása til markaðsdags í desember og hafa þá ákveðna jólastemningu Eiðistorginu. Skreyta torgið og fá jólasveina í heimsókn svo nokkuð sé nefnt. Markaðsdagar voru haldnir á Eiðistorgi fyrir nokkrum árum en lögðust svo af. Iris ákvað að blása lífi í markaðsdagana að nýju á liðnu sumar og fékk fólk til liðs við sig. Markaðsdagarnir hafa einnig mætt skilningi hjá bæjaryfirvöldum á Seltjarnarnesi og nú standa vonir til að þeir geti orðið að föstum lið í framtíðinni.

AS WE GROW ICELAND



KLAPPARSTÍG 29
ASWEGROW.IS

Margt spennandi á döfinni í Frosta

FÉLAGSMIÐSTÖÐIN FROSTI 2023 - 2024

Unglingastarf - 8.-10. bekkur

Mánudagar - 19.30-21.45
Þriðjudagar - 14.00-16.30
Miðvikudagar - 19.30-21.45
Fimmtudagar - 14.00-16.30
Föstudagar - 19.30-22.00

10-12 ára starf - 5. 7. bekkur

Mánudagar - öll - 14.30-16.00
Þriðjudagar - 6. bekkur - 17.00-19.00
Miðvikudagar - 5. bekkur - 17.00-19.00
Fimmtudagar - 7. bekkur - 17.00-19.00
Föstudagar - öll - 17.00-19.00

Myndarlegur hópur leiðir öflugt starf í Frosta.

Frosti hóf starfsemi sína aftur eftir sumarfrí í lok ágúst, og hefur starfið vægast sagt farið af stað með krafti. Það var haldið 8. bekkjarkvöld sem nær allur árgangurinn sótti, gæddi sér á pizzu og átti fjöruka kvöldstund saman. Hópastarfið í Frosta byrjaði á ný, gamlir hópar að hefjast á ný eins og larp klúbbur Frosta sem er einn af elstu hópum starfsins. Fyrsta ball skólaársins var haldið um miðjan september og var mætingin á það ball ein sú besta í manna minnum, en þemað þetta ár var "rave".

Margt spennandi er á döfinni í Frosta nú styttest öðfluga í félagsmiðstöðvadaginn sem er einn af

skemmtilegustu dögum ársins en á honum eru ungmennin sem sækja starfið hvött til að mæta með fjölskyldunni sinni og sýna þeim húsið og hvað er hægt að gera á hefðbundni opnun í félagsmiðstöð. Í lok október verður svo haldið hrekkjavökuball fyrir 10-12 ára, þar sem krakkar hverfisins mæta klædd sem allskonar skrímsli og forynjur gæða sér á gúmmelaði og dansa eins og enginn sé morgundagurinn. Það hefur heldur betur verið stuð og stemning í Frostaskjólínu síðustu vikur og þarf ekki að ræða við spámann til að vita að það muni halda áfram næstu mánuði.

HALLGRÍMSKIRKJA ÞINN STAÐUR, ÞÍN KIRKJA!

ALMENNT HELGIHALD

Messa - Alla sunnudaga kl. 11.00
Sunnudagaskóli - Alla sunnudaga kl. 11.00
Ensk messa - Síðasta sunnudag í mánuði kl. 14.00
Bænastund - Alla mánudaga kl. 12.00-12.15
Morgunmessa - Alla miðvikudaga kl. 10.00-10.30
Foreldaramorgnar - Alla miðvikudaga kl. 10.00-12.00 (gengið inn að aftanverðu).

Kyrrðarstund með tónlist og stuttri ihugun - Alla fimmtudaga kl. 12.00-12.30.
Ókeypis aðgangur og létt hádegishressing í boði.
Kvöldkirkja - Síðasta fimmtudag í mánuði kl. 20.00-22.00.
Tónlist, kyrrð og lestur.
Handavinna - Alla laugardaga frá klukkan 10.00-12.00 í Suðursal. Alltaf heitt á könnunni.

Á DÖFINNI Í NÓVEMBER:

HÁDEGISTÓNLEIKAR

Tónleikarnir eru í samstarfi við Iceland Airwaves Laugardagur 4. nóvember kl. 12.00
Arngerður María Árnadóttir organisti og Una Sveinbjarnardóttir fiðluleikari
Sérstakir gestir: Davíð Þór Jónsson, píanó og Skúli Sverrisson, rafmagnsbassi
Miðasala í Hallgrímskirkju og á tix.is
Aðgangseyrir 3.000 kr.

Allra heilagra messa

Sunnudagur 5. nóvember kl. 11.00
Ljós tendruð í minningu látinna eftir messuna.

MAURICE DURUFLÉ - REQUIEM

Tónleikarnir eru í samstarfi við Iceland Airwaves Sunnudagur 5. nóvember kl. 17.00
Hymnodia Kammerkór & Kammerkór Norðurlands, Hildigunnur Einarsdóttir, Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir, Eyþór Ingi Jónsson og Guðmundur Óli Gunnarsson, stjórnandi.
Miðasala í Hallgrímskirkju og á tix.is
Aðgangseyrir 3.900 kr.

TÓNLEIKAR - LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS Í HALLGRÍMSKIRKJU

Laugardagur 18. nóvember kl. 14.00
Aðgangur ókeypis!

HEIÐURSTÓNLEIKAR - Hörður Áskelsson sjötugur!

Sunnudagur 26. nóvember kl. 17.00
Orgelnemendur Harðar Áskelssonar leika á Klais orgelið í Hallgrímskirkju til heiðurs kennara sínum og fyrrverandi kantor.
Fram koma: Ágúst Ingi Ágústsson, Eyþór Ingi Jónsson, Friðrik Vignir Stefánsson, Guðjón Halldór Óskarsson, Helga Þórdís Guðmundsdóttir, Jóhann Bjarnason, Jón Bjarnason, Kári Þormar og Lára Bryndís Eggertsdóttir.
Aðgangur ókeypis!

Hallgrímskirkja er opin alla daga frá kl. 10.00-17.00 (turninn lokar kl. 16.45).
Nánari upplýsingar á hallgrimskirkja.is
Sími: 510 1000



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

PARTNER
EVENT

Bræðurnir í Kjötborg ósáttir við bílastæðagjöld

Gunnar og Kristján Jónassynir kaupmenn í Kjötborg á Ásvalla-götu eru ósáttir við að þurfa að greiða fyrir bílastæði við verslunina. Þeir hafa sent vörur heim til viðskiptavina í gegnum árin. Sinnt þjónustu sem einkum eldra fólk hefur nýtt sér. Nú telja þeir þá þjónustu verða kostnaðarsamari þegar bílastæðagjöld leggjast á vöruverðið.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri vill finna lausn á malinu og segir hárrétta ábendingu að skynsamlegt geti verið að finna lausnir fyrir rekstraraðila sem falla undir nærþjónustu. Það sé sannarlega stefna borgarinnar að efla hana.

„Kaupmaðurinn á horninu er mjög mikilvægur til að gera hverfin sjálfbær. Það eru til einhverjar fyrirmyndir að lausnum í þessu í erlendum borgum sem við hljótum að geta skoðað hratt og vel. En fyrsta skref er að bjóða þeim bræðrum í kaffi og fara yfir málin,“ sagði borgarstjóri í frétt nýverið.

„Við erum stundum í stöðu barþjónsins eða félagsfræðingsins eftir því hvernig á það er litið,“ sagði Gunnar í samtali við Vesturbæjarblaðið fyrir nokkrum árum þegar þeir bræður voru inntir eftir hinum félagslega þætti verslunarstarfsins á horninu. „Margir og þá einkum eldra fólkid notar búðarferðina til þess að spjalla og auðvitað er það hluti af tilveru okkar hér að sinna þeim þætti og ég neita því ekki að þetta gerir starfið skemmtilegra.



Þessi mynd var tekin þegar Dagur B. Eggertsson borgarstjóri færði þeim bræðrum laxinn sem þeir höf ekki tíma til að veiða. Á myndinni eru Dagur B. Eggertsson, Kristján Jónsson, Gunnar Jónsson og Arna Dögg Einarsdóttir eiginkona Dags.

Þetta er ekki bara ferð á peningum inn og út heldur bæta mannlegu samskiptin hana upp. Gunnar kvað þá halda í ýmis gömul gildi kaupmannanna á horninu. „Við erum með marga hverfisbúa í reikningsviðskiptum þannig að fólk getur sent krakkana sína út og látið þau kvitta fyrir í stað þess að þurfa alltaf að vera að borga með kortum. Þetta veitir ákveðið öryggi þegar krakkarnir koma heim úr skólanum.

Þá geta þau komið hingað og verslað. Við þekkjum til margra og verðum bara að gæta þess að þau kaupi ekki of mikið nammi eða jafnvel ekkert. Við höfum lært á það í gegnum tíðina hvað má hjá þessum og hverjum ekki því heimilishaldið er misjafnt frá einu heimili til annars,“ sagði Gunnar í fyrrnefndu viðtali.

Eitt eitt fyrsta embættisverk Dags sem borgarstjóra sumarið 2014 var

að útnefna þá bræður Reykvíkinga ársins. Hefð er fyrir að bjóða þeim sem þann heiður hlýtur að renna fyrir lax í Elliðarárnunum við opnun þeirra. Þeir gáfu sér þó ekki tíma til laxveiða vegna verslunarstarfa og því færði Dagur þeim lax síðar

sama dag. Vesturbæjarblaðið hefur ekki fregnir af hvort endanleg lausn sé fundin á bílastöðumáli Kjörborgarbræðra en hún er nokkuð örugglega í sjónmáli.

Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.

- » Þarf stærri heimtaug?
- » Hvaða lausn hentar best?
- » Er kerfið búið álagastýringu?
- » Sjálfvirkir greiðslu- og innheimtukerfi?

EIGNAumsjón 20 ára

thjonusta@eignausjon.is | eignausjon.is



TJÖRNIN FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ AUGLÝSIR LAUS STÖRF Á FRÍSTUNDAHEIMILUM Í VESTURBÆ OG MIÐBORG

Viltu vera partur af skemmtilegum og samheldnum starfsmannahóp á einu af frístundaheimilum í Vesturbæ og Miðborg?

Fáðu vinnu í þínu hverfi

Það sparar tíma og pening að vinna nálægt heimilinu. Ef þú getur nýtt umhverfisvæna samgöngumáta áttu rétt á samgöngustyrk. Starfinu fylgja einnig möguleikar á að fá sund- og menningarkort hjá Reykjavíkurborg ásamt ýmsum styrkjum á vegum stéttarfélagins.

Nánari upplýsingar á: reykjavik.is/storf

Frístundaheimilin okkar í Vesturbæ og Miðborg eru:

Draumaland í Austurbæjarskóla
Frostheimar í Frostaskjólí
Selið í Melaskóla
Skýjborgir í Vesturbæjarskóla
Undraland í Grandaskóla



TJÖRNIN
FRÍSTUNDAHEIMIÐSTÖÐ



Reykjavík

Stuðlum að stöðugu og góðu viðhaldi eldra húsnæðis

Öll hús eiga skilið að fá gott viðhald, við eigum að virða eignina okkar og þau verðmæti sem felast í vel útlitandi og góðri fasteign. Gamalt hús á að geta þjónað eiganda sínum jafnvel og nýtt hús, ef rétt er að málum staðið.

Fyrir nokkrum árum stýrði ég húsfundi þar sem hússtjórn fjölbýlishúss lagði fram tillögu um hófstiltar en nauðsynlegar endurbætur sem fólu í sér endurnýjun glugga og viðgerðir á ytra byrði hússins ásamt málun. Tillagan þótti ganga of langt og var felld af meirihluta eigenda, líklega vegna fjárhagsstöðu einstakra eigenda. Sami fundur ákvað að mála einungis húsið þrátt fyrir augljósar skemmdir. Eftir fundinn kom einn eigenda, sem reyndar hafði lagst gegn endurbótatillögunni, til mín og sagðist ekki geta opnað það gluggann! Hann spurði hvað væri til ráða og svar mitt var einfalt. Eigendur verða að horfast í augu við staðreyndir, rekstur fasteignar felst ekki einungis í hita, raforku og ræstingum heldur líka viðhaldi eignarinnar.

Hvers virði er reglubundið viðhald?

Reglubundið viðhald skilar bæði verðmætari eign og auðseljanlegri, kostnaðargreiðslur eru fyrirsegðar og á sama tíma er eignin í betra ástandi og öruggari.

Samkvæmt rannsóknnum kostar gott viðhald fasteignar um 1% af byggingarkostnaði húss á ári, sem jafngildir því að það kostar árlega að jafnaði 500 þúsund krónur að viðhalda meðalstórrí fasteign, eða um 40 þúsund á mánuði. Þá er einungis lítið til sameignar, þ.e. ytrabyrðis; þaks, veggja, glugga og útidyra, ásamt lögnum og sameiginlegur lóðar.

Við hjá Eignaumsjón erum að þjónusta um 800 hús- og rekstrarfélög með um 19.000 íbúðum/fasteignum og greining okkar leiðir í ljós að eigendur eru almennt ekki að leggja fyrir í langtíma viðhaldsþjónu fasteigna sinna. Tölurnar sýna okkur að ekkert húsfélag er að safna í viðhaldssjóð sem nemur þessu 1% af byggingarkostnaði húss á ári. Algengt tilleg flestra er nær því að vera um 0,1-0,2%, eða á bilinu 5-10.000 krónur á mánuði. Algengast er að



Viðhaldsþörf fjölbýlishúsa og undirbúningur viðhaldsverkefna var til umfjöllunar á vel heppnuðum haustfundi 18. okt. sl. með stjórn húsfélaga sem eru í þjónustu hjá Eignaumsjón. Um 90 gestir mættu á fundinn og um 40 þátttakendur fylgdust með rafrænt á Teams. Ljósmynd: Eignaumsjón.

eigendur greiði viðhaldskostnað með skömmum fyrirvara, í aðdraganda framkvæmda og meðan á þeim stendur. Þær fjárhæðir geta numið allt að 5% af virði íbúðar þegar kemur að uppsafnaðri viðhaldsþörf.

Hverju þarf að breyta?

Mikil og þörf umræða er þessi misserin um húsnæðisþörf og málefni nýbygginga í landinu. Stjórnvöld eru krafín um úrræði og stefnu í þessum efnum en minna fer fyrir umræðu um viðhald húsa sem komin eru á viðhaldstíma. Það tjóir lítið að byggja nýtt ef eldra húsnæði ónýttist fyrir aldur fram.

Í kjölfar bankahrunsins var endurgreiðsla virðisaukaskatts hækkuð í 100% af vinnulið, ásamt tímabundinni lækkun skattstofns sem nam 50% af viðhaldskostnaði undir slagorðinu „Allir vinna“. Víst er að aðgerðir miðuðu einnig að því að örva vinnumarkaðinn á þeim tíma. Endurgreiðslan var síðar lækkuð í 60% en hækkuð aftur í 100% í Covid faraldrinum. Í júlí í sumar var á ný dregið verulega úr þessum stuðningi, þegar virðisaukaskattendurgreiðsla af vinnu var lækkuð í 35%. Þarna fer lítið fyrir hvatningu stjórnvalda varðandi viðhald eldra húsnæðis.

Við hjá Eignaumsjón höfum lengi talað fyrir reglubundnu, fyrirbyggjandi viðhaldi fasteigna. Það er okkar sýn að húsfélög ættu að setja sér viðhaldsáætlun til nokkurra ára, byggða á ástandsmati viðkomandi fasteigna og tillögum um forgangsröðun verkefna eftir mikilvægi þeirra.



Daníel Árnason, framkvæmdastjóri Eignaumsjónar. Ljósmynd: Þór Gíslason.

Samhliða þarf að tryggja fjármögnun viðhaldsframkvæmda með skipulagðri söfnun í framkvæmdasjóð með tryggri og góðri ávöxtun með hagsmuni allra eigenda í fyrirruði.

Aukinn stuðningur stjórnvalda

Samhliða bættum lífsskilyrðum þjóðarinnar undanfarna áratugi er gott og öruggt íbúðarhúsnæði, gamalt eða nýtt, orðið lágmarkskrafa í samfélaginu. Ákall mitt til stjórnvalda og löggjafa er að horfa ekki einungis til nýbygginga þegar kemur að umræðu um húsnæðismál, heldur einnig að stuðla með ákveðnari hætti að góðu viðhaldi eldra húsnæðis með lagabótum og stjórnvaldsaðgerðum.



Dagskrá í Dómkirkjunni

Messa alla sunnudaga klukkan 11.00.

Tíðasöngur með séra Sveini alla þri-, mið- og fimmtudaga klukkan 9.15 og kl. 17.00 á fimmtudögum.

Bæna-og kyrrðastund kl. 12.00 alla þriðjudaga, létt máltíð og samfélag í safnaðarheimilinu eftir stundina.

Bach tónleikar Ólafs Elíassonar öll þriðjudagskvöld klukkan 20.00-20.30.

Örpílagrímaganga með séra Elinborgu á miðvikudögum klukkan 18.00.

Opna húsið í safnaðarheimilinu, Lækjargötu 14a klukkan 13.00-14.30. Fræðsla, góðar veitingar og gott samfélag.

26. okt. Ástbjörn Egilsson les úr bók Jóhannesar heitins Bergsveinssonar geðlæknis.

Þriðjudaginn 31. október Heimboð í Seltjarnarneskirkju á þriðjudegi. Hittumst þar klukkan 13.00.

9. nóv. Séra. Elinborg Sturludóttir.

16. nóv. Séra Skúli Ólafsson fjallar um Gerði Helgadóttur listakonu.

23. nóv. Diljá Mist Einarsdóttir alþingismaður.

30. nóv. Séra Sveinn Valgeirsson.

Kvöldkirkjan kl. 20.00-22.00

9. nóvember

7. desember

Sálmabandið með tónleika.

4. nóv. kl. 16.00-17.00

Sálmabandið mun leika á hljóðfæri sín í Dómkirkjunni. Þar munum við syngja saman sálma úr nýju sálmabókinni.

Sálmabandið er skipað úrvals tónlistarfólki.

Ása Briem, sem leikur á harmonikku, Jón Ívars og Sigmundur Sigurðarson sem leika á gítara, sr. Sveinn Valgeirsson leikur á kontrabassa og Telma Rós Sigfúsdóttir á víolu.

Hlökkum til að sjá ykkur og eiga skemmtilega stund saman með söng og gleði.

Verið velkomin í gott safnaðarstarf í Dómkirkjunni.

Fylgist með á fésbókinni eða á domkirkjan.is

FALLEGIR LEGSTEINAR

Á góðu verði
Verið velkomin

Eyrartröð 16
220 Hafnarfirði

Opið kl. 11-16 virka daga

Bergsteinar
legsteinagerð



Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Miklar framkvæmdir fyrirhugaðar á Hlíðarenda

Gert er ráð fyrir að rúmlega 900 íbúðir munu rísa við Hlíðarenda á næstu árum ef áform fjárfesta og skipulagsyrvalda ná fram að ganga. Með því verða rúmlega 1.600 íbúðir í hinu nýja hverfi og íbúafjöldinn meiri en í Hveragerði. Uppbyggingin gæti skilað Knattspyrnufélaginu Val milljarða tekjum. Meðal annars hefur Valur óskað eftir leyfi til að fá að breyta hluta æfingarsvæðis í lóð undir 245 íbúðir.

Þá hefur félagið Hlíðarendi ses., sem er í tæplega 95% eigu Valsmanna hf., sótt um leyfi til að fjölga íbúðum á A-reit úr 67 í 175. Miðað við að lóðarverð sé 12 milljónir á íbúð gæti sala byggingarréttar á þessum tveimur reitum skilað yfir 5 milljörðum króna. Fasteignafélagið Bjarg hyggst reisa um 70 íbúðir á I-reit en hönnunin tekur mið af nýju skipulagi Vatnsmýrar. Gert er ráð fyrir að hægt verði að byggja við húsið, samkvæmt skipulagi randbyggðar, ef Reykjavíkurlflugvöllur vikur sem óvissa ríkir um hvort



Miklar framkvæmdir hafa verið á Vallsvæðinu við Hlíðarenda og munu halda áfram.

eða hvenær það gerður. Fjárfestar hafa jafnframt sýnt lóðum við Nauthólsveg áhuga en þær eru gegnt Vallsvæðinu. Þá hafa fjárfesta gert tilboði í fasteignir Flugbjörgunarsveitar Reykjavíkur.



SLEPPUM NÖGLUNUM

Það liggur í loftinu

Bætum umferð í Vesturbænum með snjalltækni

Eftir Kjartan Magnússon borgarfulltrúa

Það er frumskylda hverrar borgarstjórnar að sjá til þess að íbúar komist leiðar sinnar með greiðum og öruggum hætti. Umferðartafir hafa aukist í borginni á undanförunum árum, ekki síst í Vesturbænum og Miðbænum.

Tafirnar kosta tugi milljarða

Of miklum tíma er sóað með umferðartöfum í Reykjavík og ljóst að sá kostnaður nemur tugum milljarða króna á ári. Er áætlað að a.m.k. 15 þúsund klukkustundum sé sóað í umferðinni á höfuðborgarsvæðinu á hverjum degi. Það samsvarar 25 klukkustundum árlega á hvern borgarbúa. Flest viljum við verja sem mestu af dýrmætum tíma okkar með fjölskyldu og vinum en sóa honum ekki í umferðarteppum.

Snjallvæðing og bestun umferðarljósa með hjálp gervigreindar hefur sannað sig víða erlendis í því skyni að stytta tafatíma og auka öryggi. Fjárfesting í sambærilegri snjallvæðingu í Reykjavík yrði fljót að skila sér margfaldlega með greiðari umferð, fækkun slysa og minni mengun.

Miklir kostir snjallstýringar

Varlega áætlað gæti slík snjallstýring umferðarljósa bætt umferðarlæði í Reykjavík um 15% og minnkað tafir strætisvagna um 20%.

Kostir slíkrar snjallvæðingar eru ótvíræðir. Í Reykjavík er hins vegar enn notast við svonefnt klukkukerfi, gamla tækni sem ekki er hægt að segja að byggist á snjalltækni nema að mjög takmörkuðu leyti.

Tillaga Sjálfstæðisflokksins

Í september sl. lagði ég fram eftirfarandi tillögu um málið á vettvangi borgarstjórnar fyrir hönd borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að gerðar verði úrbætur á stýringu umferðarljósa í Reykjavík í því skyni að auka umferðaröryggi, bæta umferðarlæði og draga úr mengun í borginni.

Leitast verði við að nýta kosti tiltækrar tölvutækni betur en nú er gert til að ná þessum markmiðum. Það verði m.a. gert með aukinni notkun snjalltækni, sem stýrir viðkomandi umferðarljósum í þágu umferðaröryggis og -læðis gangandi, hjólandi og akandi vegfarenda.

Gervigreind verði notuð til að besta stýringuna út frá gögnum, sem aflað verði með skynjum á umferðarljósum.

Í þessari vinnu verði hafður til hliðsjónar árangur þeirra borga á Norðurlöndunum og fleiri nágrannaríkjum, sem hafa náð góðum árangri við að auka umferðaröryggi, bæta umferðarlæði og draga úr mengun með slíkri snjalltækni.

Tillagan er nú til skoðunar í borgarkerfinu og verður vonandi til þess að ráðist verði af heilum hug í snjallvæðingu allra umferðarljósa.

Minni tafir – meira öryggi

Með slíkri snjallvæðingu væri hægt að lágmarka umferðartafir í borginni og auka umferðaröryggi. Skynjarar myndu t.d. tryggja að akandi eða hjólandi vegfarendur þyrftu sjaldnast að bíða á rauðu ljósi ef engin umferð væri á hliðargötunni. Einnig væri hægt að sjá til þess að gangandi og hjólandi vegfarendur fengju forgang og kæmust alltaf örugglega yfir gangbrautina (t.d. á Hringbraut) en ættu það ekki undir ósveigjanlegri sekúnduklukku. Þá væri hægt að tryggja strætisvögnum víðtækan forgang með slíkri tækni.



Kjartan Magnússon.

Ástin, trú og tilgangur lífsins

- ný bók eftir séra Sigurð Árna Þórðarson

Ástin, trú og tilgangur lífsins er heiti bókar sem er að koma út. Höfundur hennar er séra Sigurður Árni Þórðarson fyrrum prestur í Hallgrímskirkju og áður í Neskirkju. Í tilefni útgáfunnar verður örfing í Neskirkju þann 11. nóvember nk. um kirkjuræður og efni bókarinnar sem hefst kl. 16. Á eftir kl. 17 verður haldið upp á sjötugsafmæli Sigurðar Árna. Hann tekur aðeins forskot á sæluna og tvinnar þessa atburði saman því raunverulegur afmælisdagur hans er á Þorláksmessu.

En hvað er Sigurður Árni að senda frá sér. Hann hefur valið úr safni sínu 78 prédikanir sem fluttar hafa verið á helstu helgidögum ársins. Ritid nefnist Ástin, trú og tilgangur lífsins. Ritid er stórbók og forlagið, Bjartur-Veröld-Fagurskinnna, vandar útgáfuna. Ragnar Helgi Ólafsson, rithöfundur og grafískur hönnuður, býr ritid til prentunar en hann er tilnefndur til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs í ár. Hallgrímskirkja styður útgáfu þessa prédikanasafns sem er úrval úr um eitt þúsund stólræðum og hugleiðingum höfundar á starfsferli hans sem prests. „Ég hef gaman af því að elda mat en ég nota aldrei allt kryddið í kryddhillunni í einn rétt. Þessi bók er eins og kryddsafn. Best er að nota hana oft, í smærri skömmtum eða eftir þörfum. Tilgangur hennar er að krydda lífið og næra ástina,“ segir Sigurður Árni eftir að hafa hellað upp á gott expressó kaffi og tyllt sér við borðstofuborðið.

Ræður betur geymdar í bókum en á netinu


Hann segir að margar ræður hafa verið ritaðar til varðveislu og endurnýtingar. „Hómilíubókin sem var rituð um 1200 er safn prédikana sem veita innsýn í trúarheim og kirkjuræður Íslendinga þess tíma. Með útgáfuáherslu síðbreytingartímans var farið að gefa út guðsorðabækur og rit sem þjónuðu trúarlegri menntun Íslendinga. Vídalínspostilla var brautryðjandaverk og var gefin út á fyrri hluta átjándu aldar og var notuð á heimilum þjóðarinnar í tvö hundruð ár. Í kjölfar Vídalínspostilla



Séra Sigurður Árni Þórðarson.

kom út fjöldi af ræðusöfnum íslenskra kennimanna á nítjándu og tuttugustu öld. Í kirkjum er prédikað í öllum messum og guðspjónustum. Sumar ræðurnar rata nú á netið og eru varðveittar þar um tíma. Sá sarpur er mikilvægur og þúsundir lesa sumar ræðurnar á vefnum. En netið varðveitir ekki vel. Heilu ræðusöfnin hafa horfið þegar vandræði hafa orðið með hugbúnað eða hýsingu. Bókin er betri. Því er mikilvægt að kirkjuræður séu gefnar einnig út á prenti. Viðtakendur prédikana eru ekki aðeins fólk í kirkju eða fólkid sem ræðurnar voru fluttar fyrir heldur líka lesendur og fræðimenn síðari tíma. Prédikanir gegna ekki aðeins hlutverki í heyranda hljóði messunnar heldur nýtast áfram til íhugunar. Þær eru einnig vitnisburður um afstöðu, lífsvísindóm og tjáningu hvers tíma og menningar. Ræður í þessu safni eru dæmi um íhugun á sunnudegi í kirkju á Íslandi á fyrstu áratugum tuttugustu og fyrstu aldar.“

Sigurður Árni segir að breytingar í trúarlífi, kirkjulífi, vísindum, stjórnmálum og menningu hafi áhrif á blæ, snið og áherslur í kirkjuprédikun og nefnir dæmi. „Ræður Jóns Þorkelssonar Vídalíns flétta meistaralega saman kraftmiklar síðferðiskröfur og konungstúlkun Guðs í upphafi átjándu aldar. Pétur Pétursson gaf út ræður sem



Bókin Ástin, trú og tilgangur lífsins.

endurspegluðu breyttar menningar- og vísindaaðstæður nítjándu aldar. Páll Sigurðsson gaf út ræðusafn sem kynnti ný viðmið í trúarefnum. Miklar deilur urðu um merkilegu postillu hans. Ræðusafn Haraldar Níelssonar Árin og Eilífðin var gefið út á þriðja áratug tuttugustu aldar. Haraldur var boðberi sálarrannsóknna sem vísindalegrar aðferðar og var sannfærður um að spíritismi styddi guðstrúna. Þessi nálgun litaði prédikanir og túlkun hans. Jón Helgason túlkaði tvíhyggju nýguðfræði og hlýlegt stórmenni Jesú í postillu hans Kristur vort líf. Sigurbjörn Einarsson útlistaði snilldarlega spennuþrá um nálægan og kærleiksrikan Guð sem yfirgefur aldrei fólk þó það sé á bullandi flóttu.

Það er gott að elska

„Það er gott að elska“ söng þjóðpopparinn Bubbi. „All you need is love“ sungu Bítarnir. „Kærleikurinn fellur aldrei úr gildi“ söng Páll postuli. Ástin er alls staðar og margvísleg. Ást til maka, barna, foreldra, eigin sjálfs og náttúrunnar. Á bak við ástarsögur heimsins og okkur öll er ástarsaga Guðs. Með því að skoða vel ástarsögur getum við komist að mörgu um Guð,“ segir séra Sigurður Árni Þórðarson.



Gleðidagur í Dómkirkjunni!

Mag. theol. **Daníel Ágúst Gautason** var vigður sem æskulýðsprestur Grensáskirkju og Fossdrossprestakalls.

Megi Drottin blessa séra Daníel Ágúst í lífi og starfi. Á myndinni eru sr. Guðný Hallgrímsdóttir,

séra María Guðrúnardóttir Ágústsdóttir, sr. Daníel Ágúst Gautason, sr. Pálmi Matthíasson, biskup Íslands Agnes M. Sigurðardóttir, sr. Kristján Björnsson vígslubiskup, sr. Eva Björk Valdimarsdóttir, sr. Sveinn Valgeirsson og sr. Helga Soffía Konráðsdóttir prófastur.



Útfararstofa Íslands

www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455



Útfararstofa Hafnarfjarðar

www.utforarstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Á GÓÐUM NÓTUM



Ljúffengt jólahlaðborð þar sem Örn Árnason er veislustjóri og Jónas Þórir spilar ljúfa tóna undir borðhaldi.

Alla föstudaga og laugardaga frá 18. nóvember til 16. desember.

Húsið opnar kl. 18 og borðhald hefst kl. 19.

Verð: 15.400 kr. á mann.



HÁTÍÐARBRÖNS



Hátíðlegt brönshlaðborð um helgar frá 18. nóvember til 1. janúar, alla föstudaga í desember og alla virka daga síðustu vikuna fyrir jól frá kl. 11.30-14.00.

Jólasveinar gleðja börnin alla laugardaga og sunnudaga kl. 12 og 13.30.

Verð: 7.900 kr. á mann.
Börn, 6-11 ára: 5.400 kr.
5 ára og yngri borða frítt.



Bókanir á dineout.is/satt
Nánari upplýsingar og hópabókanir,
S: 444 4565 eða satt@sattrestaurant.is.
Satt Restaurant, Berjaya Reykjavík Natura Hótel

satt

Ballett
Dans
Fimleikar
Jazz
ýmis
gjafavara

Arena
DANSVERSLUN

Arena - Eiðistorgi 11
arena.is - S: 615-1384

Opið þriðjudaga og fimmtudaga kl. 14-17 og laugardaga 11-14
Arena dansverslun

Sigurður Ragnarsson, Krambúðinni Hjarðarhaga:

Fólk spyr enn um gömlu Dairy Queen-ísbúðina

„Ég kynntist ekki þessari ísbúð en það er gaman að rifja upp sögur af henni því ennþá koma einstaka manneskjur hér inn og spyrja um gömlu Dairy Queen-ísbúðina,“ segir Sigurður Ragnarsson, 39 ára verslunarstjóri Krambúðarinnar við Hjarðarhaga. „En það er alltaf hægt að fá ís hjá okkur,“ bætir hann við brosandi.

Það hefur verið sterkur verslunarkjarni við Hjarðarhagann í áratugi. Ísbúðin sem um er rætt er gamla Dairy Queen-ísbúðin sem var um árabíl við hliðina á gömlu Hagabúðinni þar sem Krambúðin er núna. Dairy Queen í Aðalstrætinu var flaggskipið en Hjarðarhaginn átti sína kúnna og var hluti af rúntinum. Það eru áratugir síðan.

Í verslunarstörfum frá 16 ára aldri

Sigurður hefur verið með annan fótinn í verslunarstörfum frá 16 ára aldri og verið verslunarstjóri í Krambúðinni við Hjarðarhaga í um fimm ár. Hann hóf ferilinn í 10-11 við Staðarbergið í Hafnarfirði og fór á milli búða. Árið 2018 urðu vistaskipti þegar hann hóf störf hjá Samkaupum sem verslunarstjóri Krambúðarinnar við Hjarðarhaga.

Hann ólst upp í Vestmannaeyjum til sex ára aldurs og lítur enn á sig sem Eyjapeyja sem heldur með ÍBV. Hann á skyldmenni í Eyjum, amma hans býr þar sem og systkini móður hans – nema eitt þeirra sem býr í Danmörku.

Ólst upp í Eyjum – en Melaskólinn fyrsti skólinn

Þrátt fyrir Eyjatengslin er Sigurður á vissan hátt kominn á bernskulóðir sínar í Vesturbænum. „Þegar pabbi hóf nám í háskólanum fluttumst við hingað og ég var í Melaskólanum í fjögur ár. Eftir það fluttum við til Hafnarfjarðar þar sem ég bjó öll unglingsárin og gott betur. Hér í Krambúðinni við Hjarðarhaga er ég því á slóðum æskuminninganna og fer fram hjá Melaskólanum á hverjum degi.“

Sigurður segir að sumarið hafi verið mjög gott. „Þetta hefur verið mjög fint enda alveg ótrúlega gott veður megnið af sumrinu. Gott veður lífgar alltaf upp á alla verslun því fólk er meira á ferðinni og kaupir oftar inn.“

Dyggir viðskiptavinir Krambúðarinnar

Það er minna um erlenda ferðamenn í Krambúðinni við Hjarðarhaga en í mörgum öðrum Krambúðum. „Við erum fyrir utan miðbæinn og ekki alveg í leiðinni fyrir hinn hefðbundna erlenda túrista. Þetta er fyrst og fremst hverfisverslun með mjög dygga og trausta viðskiptavinum sem koma daglega og maður hefur afgreitt lengi. En auðvitað sjáum við ný andlit á hverjum degi; sérstaklega yfir sumarið.“

„Samskiptin við viðskiptavinum og starfsfólk eru skemmtilegasti hlutinn af starfinu.“

Þrjár sprengjur yfir daginn

Yfir vetrartímann setja skólarnir svip á verslunina en tveir grunnskólar eru í hverfinu; Hagaskóli og Melaskóli. Hagaskólakrakkarnir hafa alltaf verið duglegir að sækja búðina heim. „Það er hægt að tala um þrjár sprengjur yfir daginn; tíu-frímínútur á morgnana, hádegishléið og svo eftir skóla. Seinni partinn er það svo hin hefðbundna síðdegisstráffik í versluninni.“

Hann segir að fjöldinn allur af tilboðum hafi verið hjá þeim í sumar. Sömu tilboðin eru í grunninn í hverjum mánuði í öllum Krambúðum. „En við fáum svigrúm til að meta aðstæður og stilla fram vörum sem við teljum að sé eftirspurn eftir hverju sinni – og það þarf engan veginn að vera það sama í öllum búðum enda kunnahópurinn oft misjafn.“

Bakað stanslaust frá átta til þrjú

Bakarið í Krambúðinni er mjög vinsælt og það er bakað stanslaust frá klukkan átta til þrjú á daginn. „Við seljum mikið af bakkelsi og úrvalið er alltaf að aukast. Við fáum allt forbakað og hitum upp hér á staðnum. Eftir sumarfrí í ágúst tókum við til dæmis upp nýjar tegundir af kleinuhringjum og heitum samlokum sem slegið hafa í gegn, enda á finu verði, matarmiklar og því vinsælar.“

Starf með skóla varð ævistarfið

Eftir árin í Vesturbænum og í Melaskólanum lá leiðin til Hafnarfjarðar þegar hann var tíu ára. „Hafnarfjörður er einstakur bær en ég tel mig samt meiri Eyjamann en Hafnarfjörðing. Ég fór í Flensborgarskólann og það var einmitt þar sem ég leitaði mér að vinnu með skólanum, eins og gengur, og úr varð starf í 10-11 við Staðarbergið þar sem núna er verslunin Iceland. Þetta reyndist stærra skref en ég hélt því verslunarstörf hafa verið starfsvettvangur minn nær óslitið síðan.“

Sigurður segist ekki hafa verið mikið í þróttum þótt hann fylgist mjög vel með sumum þeirra. „Ég sprikkaði um



Sigurður Ragnarsson, 39 ára verslunarstjóri Krambúðarinnar við Hjarðarhaga.



Krambúðin við Hjarðarhaga.

Nafn: Sigurður Ragnarsson, 39 ára.

Starf: Verslunarstjóri Krambúðarinnar við Hjarðarhaga.

Fjölskylduhagur: Einhleypur og barnlaus.

Ættaður: Fæddist og ólst upp í Vestmannaeyjum til sex ára.

Starfsaldur: Unnið í verslun frá 16 ára aldri; síðustu fimm árin í Krambúðinni.

Áhugamál: Kvikmyndir, fótbolti og tónlist.

tíma í marki og hafði gaman af en áttaði mig fljótlega á að ég yrði ekki atvinnumaður í faginu. Ég fylgist hins vegar mjög vel með fótbolta.“

Eyjapeyi og þjóðhátíð

En hvernig var að alast upp í Eyjum til sex ára aldurs? „Það var mjög fint. Mikið frelsi sem við krakkarnir höfðum og gátum ærslast. Uppátækin voru ekki alltaf vinsæl og ég man enn þegar við vorum skömmuð hressilega fyrir að klífra í fiskinetum,“ segir hann og hlær.

En Eyjapeyi og þjóðhátíð í Eyjum hljóta að fara saman – ekki satt? „Jú, ég fór sem barn með foreldrum mínum á þjóðhátíð yfir daginn og kom við í hvítu tjöldunum. Svo þegar maður hafði aldur til varð þetta meira djamm og heimsóknir til skyldmenna. Þjóðhátíð í Eyjum stendur alltaf fyrir sínu.“

Rignndi niður á Hróarskelduhátíð

Tónlist og tónleikar eru eitt helsta áhugamál Sigurðar. Eftirminnilega tónleika erlendis segir hann hafa verið Hróarskelduhátíðina árin 2006 og 2007. „Það var dúndrandi sól og blíða fyrri árið og svo mætti maður árið eftir nánast á „sandölum og ermalausum bol“, eins og segir í laginu. En þá gerði mestu rigningu í manna minnum. Þarna fuku og rignndi niður tjöld fyrstu nóttina. Þetta var svakalegt en tók á sig ævintýrablað eftir á, eins og oft vill verða.“

Samskipti við fólk það besta við starfið

En verslunin er komin á fullt skrið eftir annars líflægt sumar við Hjarðarhagann með tilheyrandi skorpum og rabbi við viðskiptavinina. „Hér hef ég kynnst mörgum viðskiptavinum og geri mér far um að spjalla stuttlega við þá í leiðinni þegar þeir koma. Það er nú einu sinni svo að samskiptin við viðskiptavinum og starfsfólk eru skemmtilegasti hlutinn af verslunarstarfinu,“ segir Sigurður Ragnarsson.



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Lokahóf knattspyrnudeildar KR

Á lokahófi knattspyrnudeildar KR sem fram fór um í byrjun október og voru veitt verðlaun fyrir besta og efnilegasta leikmann í m.fl. karla og m.fl. kvenna.

Það voru leikmenn og þjálfarar beggja liða sem kusu. Þetta var ekki flókið að þessu sinni.

Efnilegasti leikmaður m.fl. kvenna 2023:

Íris Grétarsdóttir '07.

Efnilegasti leikmaður m.fl. karla 2023:

Benóný Breki Andrésón '05.

Besti leikmaður m.fl. kvenna 2023:

Íris Grétarsdóttir.

Besti leikmaður m.fl. karla 2023:

Benóný Breki Andrésón.



Vel heppnað Alvotech og KR mót

Um miðjanoktóber öttu tæplega 150 lið kappi í tæplega 300 leikjum á Meistaravöllum á hinu árlega Alvotech móti í körfubolta.

Mótið er minniboltamót fyrir 6 til 9 ára börn og voru mörg þeirra að taka þátt í sínu fyrsta móti. Mikil leikgleði, frábærir taktar leikmanna og baráttu einkenni spilamennsku liðanna. Og allir á hliðarlínunni voru til fyrirmyndar.



Theodór Elmar skrifar undir nýjan samning

Gleðifréttr frá Meistaravöllum. Theodór Elmar Bjarnason hefur skrifað undir nýjan tveggja ára samning við KR, út keppnistímabilið 2025.

Emma þarf vart að kynna fyrir KR-ingum, enda uppalinn í KR treyjunni og erum við gríðarlega ánægð með að Emmi klári ferilinn á Meistaravöllum.



LÁTUM OKKUR LÍÐA VEL!



Kósý fatnaður úr silkimjúku bambus efni sem andar frá sér og er framleitt á umhverfisvænan hátt. Fullkominn heimafatnaður. Einnig hægt að dressa upp og nota sem klassíska skyrtu eða buxur.



Bygðu þig upp fyrir veturinn!!
Gjörunnin matur og vítamín eru vandamál í veröldinni. Taktu inn það sem er hreint og virkar frá Viridian, sem er mögnuð vítamínliða.



Sacred Elephant eru framúrskarandi vönduð reykelsi eins og engin önnur. Mikið úrval. Hönnuð af munkum og handunnin í klastrum eftir búddískri hefð.



Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-17
Lau: 11-16

ÓÐINGSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

FYRIRTAÐ
málningarþjónusta

TRAUST
OG
ÁBYRG
ÞJÓNUSTA

www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI



LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM



Krambúðin

HALLÓ OKTÓBER!



Coca Cola
Án Sykurs Koffinlaust
500 ml

197
kr/stk

NÝTT



Red Bull Winter 2023
250ml

40%
AFSLÁTTUR



Pepsi og Pepsi Max
500 ml

149
kr/stk



Hubba Bubba Ice Lollies 4pk
Majestics Cookie Sandwiches 4pk

699
kr/pk



Gatorade Cool Blue
500 ml

215
kr/stk



Goodfellas Pizzur
Margarita og pepperoni
345g
599 kr.

599
kr/pk

30%
AFSLÁTTUR



Allt Kellogg's morgunkorn á 30% afslætti



Oreo
Hjúpað dökkt og hvítt
246 g

499
kr/pk



Capri Sun
Allar tegundir
330 ml
5

149
kr/pk



Stratos sükkulaði
Stór plata 150 g
Salty Caramel 185 g

50%
AFSLÁTTUR



Góa Appolo
Fylltar reimar 80 g
Bitar 250 g

40%
AFSLÁTTUR



Til Hamingju
Allar vörur á 30% afslætti

30%
AFSLÁTTUR